

HANNA GUÐMUNDSDÓTTIR
Fannst lítið mál að
gerast grænmetisæta
• heilsa
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



ATLI ÖRVARSSON
Semur tónlist fyrir
endurgerð Karate Kid
Mikið að gera í borg englanna
FÓLK 26



MILOS FORMAN
Langaði að taka upp
kvikmynd á Íslandi
Áhugasamur um einvígi aldarinnar
FÓLK 20



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. september 2009 — 224. tölublað — 9. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR
Rifjar upp gamla takta
Ragnar Bjarnason fagnar 75 ára afmæli með tónleikum í Laugardalshöllinni.
TÍMAMÓT 16



Atvinnuleysisvandinn
„En ef það er eitthvert málefni sem kallar á þjóðaráttak núna þá er það baráttan við atvinnuleysið“, skrifar Sverrir Jakobsson.
Í DAG 14

Viðsnúningur
Ísleifur Þórhallsson fær ekki frið fyrir þýðendum sem vilja þýða Andkrist Lars von Trier.
FÓLK 26

Heimir veðjaði á hann
Atli Guðnason hefur átt frábært sumar með FH-ingum.
ÍÞRÓTTIR 22



VEÐRIÐ Í DAG

HÆGUR Í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt. Bjart framan af degi syðra annars skýjað með köflum og þurrt að mestu. Þykkjar upp sunnan til síðdegis með vætu. Hiti 2-10 stig mildast syðra. Næturfrost.
VEÐUR 4

Stýrivextir gætu sett sáttmálann í uppnám

Samkvæmt stöðugleikasáttmála eiga stýrivextir að vera í eins stafs tölu fyrir 1. nóvember. Eina auglýsta vaxtaákvörðun fyrir þann tíma er á fimmtudag. Sáttmálinn gæti verið í uppnámi náist markmiðin ekki. Kvartað yfir hægagangi.

EFNAHAGSMÁL Peningastefnunefnd Seðlabankans tilkynnir um ákvörðun sína varðandi stýrivexti á fimmtudaginn. Næsti auglýsti vaxtaákvörðunardagur er 5. nóvember. Samkvæmt stöðugleikasáttmálanum eiga stýrivextir að vera komnir undir 10 prósent fyrir 1. nóvember. Þeir eru nú 12 prósent. Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, segist í besta falli vonast eftir því að vextir verði óbreyttir. Það lesi hann út úr orðum Más Guðmundssonar seðlabankastjóra í nýlegum viðtölum. Hann segist óttast að sáttmálinn komist í uppnám náist markmið varðandi vaxta-

stefnu ekki á tilsettum tíma. „Það ræðst á fimmtudag hvort vextir muni lækka eða ekki og ég hygg að sú ákvörðun muni að sjálf-sögðu hafa áhrif á okkar viðsemjendur, ég á ekki von á öðru.“ Hann minnir á að Samtök atvinnulífsins hafi verið nálægt því að slíta viðræðum í júní vegna vaxtastefnu stjórnvalda, en samningar hafi náðst um að skapa aðstæður til að lækka stýrivextina. Í því skyni hafi endurskoðun kjarasamninga verið frestað. „Þessi tími sem nú er liðinn hefur farið í eitt mál og það mál er nánast komið á byrjunarreit“, segir Gylfi, og vísar þar til Ice-save.

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir miður að lækkun vaxta sé ekki á áætlun. Þá hafi áætlun Seðlabankans um afnám gjaldeyrishafta valdið vonbrigðum, hún hafi verið allt of varfærin. Hannes segir að menn muni meta stöðuna í október og skoða hvort sáttmálinn muni halda. Árni Stefán Jónsson, formaður BSRB, segir nokkuð hafa skort á samráð af hálfu ríkisstjórnarinnar um sáttmálann. Þá segir Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, of margt vanta upp á til að uppfylla ákvæði sáttmálans.
- kóp / sjá síðu 12



BRÆÐUR Í BJÖRNUM Þessir þýsku tvíburar voru í stuði þegar þeir fylgdust með skrudgöngu á Október-hátíðinni í München í Þýskalandi í gær. Bjórhátíðin nýtur sem fyrr gríðarlegra vinsælda drykkjuáhugamanna hvaðanæva að úr veröldinni. Búist er við sex milljónum gesta í ár.
MYND / NORDICPHOTOS/AFP

Áföll og breyttar áherslur í útlöndum liðka fyrir auknum útflutningi á lambakjöti: Þriðjungur lambakjöts fluttur út

ÚTFLUTNINGUR Allt stefnir í að um þriðjungur af haustframleiðslu lambakjöts verði fluttur úr landi. Það er talsverð aukning frá í fyrra, að sögn Sigurðar Eypórssonar, framkvæmdastjóra Landssamtaka sauðfjárbændna. Einkum tvennt ræður aukinni spurn eftir íslensku lambakjöti í útlöndum. Annars vegar miklir þurrrkar í Ástralíu og hins vegar breyttar áherslur bændna á Nýja-Sjálandi sem hafa í auknum mæli snúið sér að mjólkurframleiðslu.

Sigurður segir veikt gengi íslensku krónunnar gera það að verkum að gott verð fáiist fyrir lambakjötið. Áður fyrr hafi kjöt verið selt úr landi til þess einvörðungu að losna við það en nú sé útflutningurinn góð og mikilvæg búbót. Helstu markaðir eru í Bretlandi, Noregi, Færeyjum, Spáni og í Bandaríkjunum. Mest selst af frosnu kjöti en nokkuð af fersku og þá til Bandaríkjanna. Nákvæmra talna um útflutninginn er að vænta eftir mánaðamót.

- bps

ÍSLENSKT SVEPPA GRATÍN

Engin fyrirhöfn, hitið og njótið.
Frystivara

Ný meðferð á Landspítala: Húðflúra geirvörtur á konur

HEILBRIGÐISMÁL Tæki sem notað er til að útbúa geirvörtu á brjóst kvenna sem hafa farið í brjóstaupphyggingu vegna brjóstakrabbameins hefur ekki verið til á Landspítalanum. Kristján Skúli Ásgeirsson skurðlæknir, sem hefur sérhæft sig í skurðmeðferð brjóstakrabbameina, segir það reynslu sína að ávinningur af því sé mikill og tilkostnaður vegna þess fremur lítil. Kristján fékk til liðs við sig hóp kvenna sem hafa í sjálfbóðastarfi unnið að bættri þjónustu við sjúklinga. Það eru konur sem neita að láta niðurskurð hins opinbera stöðva framþróun á þjónustu við sjúklinga og þótti ótækt að hið opinbera niðurgreiddi ekki þennan hluta skurðmeðferðarinnar.
- kdk / sjá Allt í miðju blaðsins

Fyrrum forseti Rússlands: Var næstum handtekinn í Hvíta húsinu

BÓKMENNTIR Litlu munaði að Boris Jeltsín, fyrrum forseti Rússlands, yrði handtekinn í gestahúsi Hvíta hússins í opinberri heimsókn árið 1995. Jeltsín ranglaði þá ofurólvi niður í kjallara hússins og öryggisverðir þekktu hann ekki. Þetta kemur fram í bók þar sem sagnfræðingurinn Taylor Branch birtir samtöl sem hann átti við Bill Clinton meðan hann var enn Bandaríkjaforseti. USA Today greinir frá þessu. Einnig kemur fram í bókinni að kvöldið eftir hafi leyniþjónustumenn fundið Jeltsín á nærbrókunum á Pennsylvania Avenue, þar sem forsetinn reyndi að stöðva leigubíl. Jeltsín gaf þá skýringu að hann hefði langað í pitsu.
- kg



BORIS JELTSÍN

muundu eftir mjólkinni!

múu

Ifö
Mikið úrval af upphengdum salernum

Ópið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15

Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000 | Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

SPURNING DAGSINS



Ísleifur, er þetta djöfulleg staða sem þið eruð í?

„Nei, það er búið að rætast aldeilis úr þessu.“

Sagt var frá því í Fréttablaðinu í gær að enginn fengist til að texta kvikmyndina Antichrist eftir Lars von Trier vegna óhugnaðarins sem í henni birtist. Í kjölfar þess hefur hins vegar fjöldi þýðenda sett sig í samband við Ísleif B. Þórhallsson hjá Græna ljósinu og boðið fram krafta sína.

Viðræður um krónuna:
Undirbúningur stendur enn yfir

EFNAHAGSMÁL

„Málið er í vinnslu, en engar formlegar viðræður hafnar. Við erum enn að undirbúa okkur hér heima,“ segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra um viðræður við Seðla-banka Evrópu um aðstoð við að koma á eðlilegum markaði með íslensku krónuna.

Að sögn Gylfa hefur ekki verið ákveðið tíma-setning fyrir slíkar viðræður.

Stefnan hefði verið sett á haustið og því búist hann við að haft verði samband við bankann fljótlega. Skynsamlegast sé að ganga frá Icesave og fleiri málum áður en slíkar umræður verði hafnar. „Við verðum að reyna að vinna þetta með þeim hætti að meiri líkur en minni séu á að afraksturinn verði ásættanlegur,“ segir Gylfi Magnússon.

SKÁK

Kasparov gegn Karpov

Einvígi skákmannanna Garry Kasparov og Anatoly Karpov hefst í dag í Valencia á Spáni. Þeir munu tefla tólf atskákir í vikunni. Einvígið er haldið í tilefni þess að aldarfjórðungur er nú liðinn frá sögulegu maraþoneinvígi þeirra um heimsmeistaratilinn í skák. Það einvígi, sem haldið var í Moskvu, stóð yfir í fimm mánuði.

DÓMSMÁL

Vatnsberinn með amfetamín

Héraðsdómur Suðurlands dæmdi í gær Þórhall Ölver Gunnlaugsson, sem gengur nú undir nafninu Þór Öliver og oft er kallaður Vatnsberinn, til að greiða 45 þúsund krónur í sekt vegna amfetamíns sem fannst í herbergi hans á Litla-Hrauni í desember.

2

FRÉTTABLAÐIÐ

22. september 2009 **ÞRIÐJUDAGUR**

Borgarfulltrúar íhuga að krefjast aukinna arðgreiðslna frá borgarfyrirtækjum:

Orkuveitan sögð aflögufær með arð

SVEITARSTJÓRNIR

Aðgerðarhópur borgarfulltrúa minnihlutans og meirihlutans í Reykjavík ræðir nú þann möguleika að krefjast meiri arðgreiðslna af fyrirtækjum borgarinnar. Afla á allt að tveggja milljarða króna aukalega.

Hugmyndin er sú að Orkuveita Reykjavíkur myndi greiða lang mest eða 1.300 milljónir króna. Arðgreiðslur Orkuveitunnar til borgarinnar í fyrra námu um 800 milljónum. Þá stendur til að Faxaflóahafnir greiði arð í fyrsta skipti.

Guðlaugur Sverrisson, formaður stjórnar Orkuveitunnar, segir að ekkert erindi um auknar arð-

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Formaður stjórnar Orkuveitunnar hefur heyrt rætt um auknar arðgreiðslur.

FRÉTTABLAÐIÐ/

greiðslur hafi borist fyrirtækinu. Í fjárhagsáætlun borgarinnar sé gert ráð fyrir að meira fé verði sótt til borgarfyrirtækja. „Engar

upphæðir hafa verið nefndar við okkur en ég veit að aðgerðarhópurinn hefur rætt um þetta,“ segir Guðlaugur.

Orkuveitan er að sögn Guðlaugs vel aflögufær. Þótt fyrirtækið sé mjög skuldsett vegna stöðu krónunnar gangi reksturinn vel. Ýmsir möguleikar séu til að greiða eigendum aukinn arð. Hægt sé að ganga á eigið fé eða hækka gjaldskrár. Hætta megi við áður ákveðnar framkvæmdir. „Við þurfum að vita töluna og þá er hægt að svara hvernig við förum að. Það er alltaf spurning um hvernig tekjur eru teknar inn í svona ástandi.“

- gar

Birgitta er fegin að losna við peningana

Borgarahreyfingin heldur að óbreyttu árlegum greiðslum úr ríkissjóði upp á tæpar 27 milljónir króna. Þingflokkur Hreyfingarinnar fær rúmar fjórar milljónir á ári. Lögum um fjármál flokka kann að verða breytt í ljósi nýrrar stöðu.

STJÓRNMÁL

„Peningar eru mesta böf sem grasrótarstarf getur fengið yfir sig. Þeir drepa sköpunarkraftinn. Þess vegna erum við bara fegin því að þeir verði eftir í Borgarahreyfingunni,“ segir Birgitta Jónsdóttir, formaður þingflokks Hreyfingarinnar, sem klauf sig úr Borgarahreyfingunni í síðustu viku.

Stjórnmálasamtök sem fá mann kjörinn á Alþingi fá árleg framlög úr ríkissjóði í hlutfalli við atkvæðamagn. Til skiptanna þetta árið voru, samkvæmt fjárlögum, rúmar 370 milljónir. Koma tæpar 27 milljónir króna í hlut Borgarahreyfingarinnar.

Fjallað er um framlögin í lögum um fjármál stjórnmálasamtaka sem samþykkt voru í desember 2006. Sigurður Eypórsson, þáverandi framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins, var formaður nefndarinnar sem samdi frumvarpið til laganna. Hann segir hugsunina meðal annars hafa verið að gera mönnum kleift að tala við kjósendur sína á kjörtímabilinu og upplýsa þá um störf sín á Alþingi. Borgarahreyfingunni beri að fá peningana en staðan sé í meira lagi undarleg þegar engir séu þingmennirnir. „Ég viðurkenni að nefndin gerði sér ekki grein fyrir að þetta gæti gerst. Við ímynduðum okkur ekki að stjórnmálaflokkur gæti staðið uppi þingmannslaus á miðju kjörtímabili,“ segir Sigurður.

Ágúst Geir Ágústsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, er formaður nefndar sem skipað var til að endurskoða lögum um fjármál stjórnmálasamtaka. Hann

ÚRSÖGNIN KYNNT

Þingmenn Borgarahreyfingarinnar upplýstu um úrsögn úr flokkn-um og stofnun Hreyfingarinnar á föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við ímynduðum okkur ekki að stjórnmálaflokkur gæti staðið uppi þingmannslaus á miðju kjörtímabili.

SIGURÐUR EYÞÓRSSON
GEGNDI FORMENNSKU Í NEFND UM FJÁRMÁL STJÓRNMÁLAFLOKKANNA.

segir ríkisframlögin til skoðunar eins og annað í lögnum. „Það er sjálfsagt að skoða þetta í ljósi þess- arar stöðu,“ segir Ágúst Geir.

Auk framlaga til stjórnmála- samtaka fá þingflokkar sérstök framlög úr ríkissjóði. Þingflokkur Hreyfingarinnar fær rúmar fjórar milljónir króna. Þeim peningum er ætlað að standa undir ýmsum

tilfallandi kostnaði, svo sem aðkeyptri sérfræðiráðgjöf. Þráinn Bertelsson, þingmaður utan flokka, fær um átta hundruð þúsund krónur á ári í slíkar greiðslur.

Birgitta Jónsdóttir segir flokk sinn ætla að berjast fyrir því að öll opinber framlög til stjórnmála- flokka verði lækkuð. Överjandi sé að moka peningum í flokkana þegar efnahagsástandið er eins og það er.

Um framlögin er fjallað í sér- stökum lögum um fjármál stjórnmála- flokka en fjárhæðir eru ákveðnar árlega í fjárlögum. Miðað við framlög ársins 2009 nema ríkis- útgjöld til stjórnmálaflokka rúm- lega 1,7 milljörðum króna á kjörtímabilinu.

bjorn@frettabladid.is

Stjórnendur Kaupþings:
Fá endurritin ekki afhent

DÓMSMÁL

Hreiðar Már Sigurðsson og Sigurður Einarsson, fyrrum stjórnendur Kaupþings, og Ólafur Ólafsson, sem var einn aðaleigenda bankans, fá ekki afhent endurrit af skýrslum á hljóð- og mynddiski af öðrum sakborningum og vitnum í máli gegn þeim sem er til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara. Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis. Málið snýst um rannsókn sérstaks saksóknara á kaup- um Q Iceland Finance ehf. á 5,01 prósent hlut í Kaupþingi á árinu 2008. Hreiðar Már, Sigurður og Ólafur hafa réttarstöðu sakborn- inga við þá rannsókn.

- jhh

Aukafundur velferðarráðs:
Borgarsjóð-ur standi við skuldbindingar

BORGARMÁL

„Útgjöld sviðsins til fjárhagsaðstoðar og húsaleigu- bóta eru svokölluð bundin útgjöld og reynist fjárheimildir ekki nægar mun borgarsjóður eigi að síður standa við skuldbind- ingar samkvæmt gildandi regl- um,“ segir í bókun velferðarráðs Reykjavíkurborgar frá aukafundi sem haldinn var í gær.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að bundinn kostnaður upp á milljarða við fjárhagsaðstoð og bætur væri ekki undanskilinn í niðurskurðaráætlun borgarstjóra fyrir rekstur Velferðarsviðs. Í bókun ráðsins segir enn fremur að gert sé ráð fyrir að heldarfram- lag til málaflokka Velferðarsviðs hækki með sérstöku framlagi.

- kg

Obama, Abbas og Netanjahú:
Obama gerir sér litlar vonir

BANDARÍKIN, AP

Barack Obama Bandaríkjaforseti gerir sér litlar vonir um árangur af fund- um sínum í New York í dag með Mahmoud Abbas, forseta Palest- ínustjórnar, og Benjamín Net- anjahú, forsæt- isráðherra Ísra- els.

Þeir Abbas og Netanjahú koma báðir til New York í tilefni af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, sem hefst á morgun.

Obama ætlar að hitta þá fyrst hvorn fyrir sig en síðan báða saman. Tilgangur fundanna er að koma aftur í gang friðarvið- ræðum milli Ísraela og Palestínu- manna.

- gb

Saknarðu sigarettunnar?



Nicorette innsogslyf dregur úr nikótínþörf, fráhravfseinkennum og heldur fingrunum uppteknum

Nicorette er stuðningsaðili Krafts

Nicorette® nikótínlyf eru íanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhravfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundin eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagsskammtur innsogslyfs eru 12 nikótínþappar. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, östöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjáttárátturllarir, ómeðhólaðan háþrýsting eða nýlegt heilabliðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu engöngu nota Nicorette í samræði við heilbrigðisstærðfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

Leiðtogar hundrað ríkja hittast til að ræða loftslagsmál í New York:

Kínverjar taka forystuna

BANDARÍKIN, AP

Yvo de Boer, framkvæmdastjóri rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslags- mál, segir að Kínverjar ætli sér stóra hluti í baráttu heimsbyggðarinnar gegn losun gróðurhúsaloftteg- unda og hlýnun jarðar.

„Bæði Kínverjar og Indverjar hafa kynnt mjög metnaðarfull áform í loftslagsmálum. Hvað Kín- verja varðar eru áformin það metnaðarfull að þeir gætu hæglega tekið forystuna í baráttunni gegn loftslagsbreytingum,“ sagði de Boer í gær. „Stóra spurningarmerkið er hins vegar Bandaríkin.“

Leiðtogar hundrað ríkja koma saman í New York í dag í þeirri von að blása megi nýju lífi í samninga- viðræður um aðgerðir í loftslagsmálum. Í desem- ber stendur síðan til að nýr samningur verði lagð- ur fram á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn, en vonir höfðu dvínað um að sá samningur yrði að veruleika.

Hu Jintao, forseti Kína, ætlar að kynna hin metn- aðarfullu áform í dag. Einnig hyggst Barack Obama Bandaríkjaforseti flytja ræðu á leiðtogafundinum í dag.

YVO DE BOER

Framkvæmdastjóri rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar segir Kínverja ætla að taka forystuna.

NORDICPHOTOS/AFP

Saman bera Kínverjar og Bandaríkjamenn ábyrgð á 40 prósentum af útblæstri gróðurhúsaloft- tegunda.

- gb

RÝMINGAR-
SALAN
HEFST
Á MORGUN!

Ekki missa af þessu. Fyrstur kemur – fyrstur fær!

HELLINGS AFSLÁTTUR

af völdum hellum og steinum
á heilum brettum.

Lagersalan hefst **miðvikudaginn 23. september**
að **Hringhelli 2** í Hafnarfirði.



Allar hellur Steypustöðvarinnar
eru framleiddar samkvæmt
viðurkenndum stöðlum.



STEYPUSTÖÐIN
STERKARI LAUSNIR

HRINGHELLU 2
221 HAFNARFJÖRÐUR

HRÍSMÝRI 8
800 SELFÖSS

MALARHÖFÐA 10
110 REYKJAVÍK

SÍMI 4 400 400
WWW.STEYPUSTODIN.IS

GENGIÐ 21.09.2009			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	123,75	124,35
	Sterlingspund	200,18	201,16
	Evra	181,22	182,24
	Dönsk króna	24,351	24,493
	Norsk króna	20,948	21,072
	Sænsk króna	17,859	17,963
	Japanskt jen	1,3397	1,3475
SDR		195,17	196,33
GENGISVÍSITALA KRÓUNNAR		233,5022	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Bermúða-þríhyrningurinn: Fréttamaður leysir gátuna

BRETLAND Breski fréttamaðurinn Tom Mangold segist hafa leyst ráðgátuna um hvarf tveggja breskra farþegaflugvéla í Bermúða-þríhyrningnum svokallaða, sem er þríhyrningslaga hafsvæði vestur af Flóríðaskaga milli Bahamaeyja og Bermúðaeyja.

Tugir skipa og flugvéla eru taldir hafa horfið þar sporlaust og án skýringa.

Á vefsíðum breska útvarpsins BBC segir Mangold einfalda skýringu líklega á hvarfi bresku vélanna árin 1948 og 1949. Flugvélarnar voru báðar af gerðinni Avro Tudor, sem Mangold segir hafa verið illa hannaðar og hreinlega ekki haft úthald í þetta langt flug.

- gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Eldur í Nýhöfn

Töluvert tjón varð þegar eldur kviknaði í mannlausu íbúðarhúsi í Nýhöfn í Hvalfjarðarsveit í gær. Slökkvilið frá Akranesi og Borgarbyggð voru kölluð á vettvang, en þegar þau komu á vettvang hafði eldurinn kafnað vegna súrefnisskorts. Eldsupptök eru ókunn.

LEIÐRÉTT

Í frétt af smásagnasafni Ólafs Helga Kjartanssonar í Fréttablaðinu í gær kom fram að hann hefði gaman af smásögum Þóris Baldurssonar. Hér átti að standa smásögum Þóris Bergssonar, því hljómborðsleikarinn góðkunni, Þórir Baldursson, hefur að öllum líkindum ekki gefið út smásögur enn.

Vegna fréttar um Gröndalshús í blaðinu í gær skal tekið fram að ekki stendur til að finna húsinu nýja lóð vestur á Granda. Hins vegar hefur komið til tals hjá borgaryfirvöldum að meginhluti endurgerðar hússins fari fram úti á Granda og því verði í kjölfarið fundin ný lóð nálægt núverandi staðsetningu.

4

FRÉTTABLAÐIÐ

22. september 2009 **ÞRIÐJUDAGUR**

Fulltrúar kínverskra stjórnvalda funduðu með forsvarsmönnum Norðurbings:

Funduðu um orkunýtingu

ORKUMÁL Fulltrúar kínverskra stjórnvalda funduðu í gær með forsvarsmönnum sveitarstjórnar Norðurbings á Húsavík, en kínversk stjórnvöld hafa sýnt því áhuga að kaupa 32 prósentu hlut í orkufyrirtækinu Þeistareykjum.

Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurbings, segir að um tvo fulltrúa frá kínverska sendiráðinu á Íslandi hafi verið að ræða og þeir hafi ekki verið fulltrúar kínversks fyrirtækis eða fyrirtækja. Gert hefur verið að því skóna að áhugi kínverskra stjórnvalda sé í raun milliganga þarlendra stjórnvalda fyrir hönd kínverska álrisans Chinalco, sem



HÚSAVÍK Uppbygging sveitarfélagsins til næstu ára er háð því hvernig orkan á svæðinu verður nýtt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

renni hýru auga til orkunýtingar-möguleika nyrðra.

Bergur segir að gestirnir hafi fyrst og fremst verið að kynna

sér þá möguleika sem svæðið býður upp á, sérstaklega varðandi orkunýtingu. „Það á bæði við um háhita og lághita og önnur hugsanleg tækifæri og möguleika til samstarfs. Þeir óskuðu eftir ákveðnum upplýsingum sem við veitum fúslega.“

Bergur segir að Kínverjar fjárfesti nú víða um heim og ánægjulegt að þeir sýni Norðurbíngi áhuga. „Ég hafði mikinn áhuga á að þeir kæmu að því að nýta lághita í fiskeldi. En eðli málsins samkvæmt er það orkan sem er áhugaverð sem fjárfestingarkostur, það er ekkert launungarmál.“

- shá

Sjóðurinn ræður við íbúðalán bankanna

Íbúðalánasjóður ætti að ráða vel við að taka yfir öll íbúðalán bankanna, svo framarlega sem sjóðurinn fær aukið rekstrarfé sem svarar auknum umsvifum. Þetta segir forstjóri sjóðsins. Við það mundi sjóðurinn um það bil tvöfaldast.

EFNAHAGSMÁL Forstjóri Íbúðalánasjóðs (ÍLS) segir að í raun sé ekkert sem komi í veg fyrir það að sjóðurinn geti tekið við öllum húsnæðislánum bankanna svo fremi sem stjórnvöld veiti til hans auknu fé í samræmi við aukin umsvif.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að innan ríkisstjórnarinnar sé vilji fyrir því að ÍLS taki yfir öll húsnæðislán stóru bankanna þriggja. Með þessari leið sé ætlunin að auðvelda það að bjóða upp á samræmd úrræði fyrir skuldara og tryggja jafnræði á milli þeirra.

Þessi leið er sú sem helst hefur verið rædd upp á síðkastið í ráðherranefnd um úrræði fyrir fólk í greiðsluerfiðleikum, sem stefnir



GUÐMUNDUR BJARNASON

á að skila af sér tillögum í vikunni eða í síðasta lagi strax eftir helgi.

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, lýsti efasemdum með þessa hugmynd í samtali við Ríkisútvarpið í gær, og óttaðist að Íbúðalánasjóður myndi ekki valda því að fá lánin í fangið.

Guðmundur Bjarnason, forstjóri ÍLS, telur þessar áhyggjur hins vegar óþarfar. Sjóðurinn hafi í raun byrjað að undirbúa sig fyrir aðgerð af þessu tagi strax eftir bankahrunið í fyrrahaust, þegar umræða fór af stað um þennan möguleika. Tæknilega sé sjóðurinn því að mestu þegar í stakk búinn til að taka yfir lán bankanna.



HÚSNÆÐISLÁNIN ÖLL TIL ÍBÚÐALÁNASJÓÐS? Forstjóri íbúðalánasjóðs á ekki von á því að lífeyrissjóðslán verði færð til sjóðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Guðmundur segir að lán ÍLS nemi nú um 700 milljörðum og gert sé ráð fyrir að lán bankanna séu önnur eins upphæð.

„Það yrði því auðvitað um að ræða mikil aukin umsvif, ef þetta fer svo að Íbúðalánasjóður stækkar um helming,“ segir Guðmundur. Það myndi kalla á aukinn mannafla og húsnæði, og það væri þá stjórnvalda að ákveða með hvaða hætti þau myndu styðja betur við sjóðinn. „Þau þurftu nú að styrkja bank-

ana fjárhagslega, þannig að mér dettur í hug að það gæti orðið einhver millifærsla í því.“

Verið sé að skoða það hvernig ÍLS myndi meðhöndla erlendu lánin, sem sjóðurinn hefur aldrei boðið upp á sjálfur. Hugsanlegt sé að bankarnir myndu tímabundið halda utan um þau áfram í sínum innheimtuckerfum, þótt þau færðust til ÍLS.

Þá telur Guðmundur ólíklegt að lífeyrissjóðslán yrðu færð til ÍLS.

stigur@frettabladid.is

Gagnaver í Keflavík:

Starfsleyfi veitt fyrir aflstöð

UMHVERFISMÁL Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir varaafstöð Verne Holdings ehf. á Vallarheiði í Reykjanesbæ.

Rekstraraðila er með starfsleyfinu heimilt að reka dísilrafstöðvar sem sjá gagnaveri fyrir allt að 55 megavatta varaafli þar sem raforka er framleidd með fjörgengisvélum. Heimilt er að prófa varaafstöðina til þess að ganga úr skugga um virkni hennar og reka hana tímabundið til eigin nota ef rafmagn fer af rafmagnsdreifikerfi.

Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 30. september 2021.

- shá



Í **HVALSTÖÐINN** Sjö dýr komu á land haustið 2006 og vakti það óskipta athygli.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hvalveiðar ganga vel:

Hvalirnir orðnir 15 þúsund alls

SJÁVARÚTVEGSMÁL Skip Hvals hf. hafa komið með 117 langreyðar af þeim 150 sem leyfilegt er að veiða á þessari vertíð. Hvalur 9 og Hvalur 8 komu með fjögur dýr á sunnudaginn var að Hvalstöðinni í Hvalfirði sem náði þá sögulegum áfanga.

Þá kom á land fimmtán þúsundasti hvalurinn sem veiðst hefur á skipum Hvals hf. síðan fyrirtækið var stofnað árið 1947 en fyrsti hvalurinn kom á land 1948. Fyrirtækið stundaði hvalveiðar til ársins 1989 en þá tók við hvalveiðibann sem stóð í tæp tuttugu ár.

- shá

Sagnfræðingafélag Íslands:

Sagnfræðingar með ráðstefnu

FRÆÐI Sagnfræðingafélag Íslands opnar hádegisfyrirlestraröð sína í dag með ráðstefnunni Hugvísindi á krepputímum – staða, hlutverk og sóknarfæri. Menntamálaráðherra er gestur ráðstefnunnar.

Yfirskrift haustmisseris er: Hvað er kreppa? Tekist verður á við risavaxnar spurningar. Hvernig má skilja hrun hagkerfis, hugmyndafræði, heimsmyndar, siðferðis og gilda sem er að eiga sér stað? Geta öflug hugvísindi ekki lagt lið nýrri uppbyggingu hins skapandi samfélags?

- shá

BRIDS

SKÓLINN

Byrjendur ... 28. september ... tíu mánudagar frá 20-23

Framhald ... 30. september ... átta miðvikudagar frá 20-23

Viltu læra brids?

Á byrjendanámskeiði Bridsskólans er ekki gert ráð fyrir neinni kunnáttu. Þú getur komið ein eða einn, með öðrum eða í hóp og það er sama hvort þú ert 18 ára eða 90. Eða þar á milli! Sjá [bridge.is](#) undir “fræðsla”.

Viltu verða betri spilari?

Á framhaldsnámskeiði Bridsskólans gefst þér tækifæri til að bæta við kunnáttuna. Þú lærir nútíma sagnir, hvassa spilatækni og samvinnu við makker í vörninni. Sjá [bridge.is](#) undir “fræðsla”.

Staður: Síðumúli 37

í Reykjavík.

Uppl. og innritun í síma 898-5427 frá 13-18 daglega.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson

veður-fræðingur

NÆTURFROST

Í nótt var víða næturfröst og komandi nótt má einnig búast við næturfrostri mjög víða á landinu. Þegar liður á morgundaginn kemur hlýrra loft yfir landið og á fimmtudag eru horfur á stífum vindi af suðvestri með hlýndum og vætu. Síðan eru horfur á hvössum vindi víða um land bæði á föstudag og laugardag.

Á MORGUN

5-10 m/s

FIMMTUDAGUR

8-13 m/s.

HEIMURINN

Alicante	25°
Amsterdam	20°
Basel	24°
Berlín	22°
Billund	19°
Eindhoven	22°
Frankfurt	25°
Friedrichshafen	25°
Gautaborg	17°
Kaupmannahöfn	19°
Las Palmas	27°
London	19°
New York	25°
Orlando	31°
Osló	17°
París	24°
Róm	28°
Stokkhólmur	16°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Komdu í öruggt skjól

Viðbótarlífeyristrygging

Allianz 
- tryggir þína peninga

KJÖRKASSINN



Hefur einhvern tímann verið brotist inn á heimili þitt?

Já	19%
Nei	81%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú ánægð/ur með að FH hafi unnið sinn fimmta Íslands-meistaratitil í knattspyrnu á sex árum?

Segðu skoðun þína á Vísir.is

VÍSIR

Danskur hermaður:
Útgáfa bókar ekki bönnuð

DANMÖRK, AP Dómstóll í Danmörku hafnaði í gær beiðni danska hersins um að útgáfa bókar fyrrverandi sersveitarhermanns verði bönnuð.

Herinn fór fram á að bókin, sem er eftir Thomas Rothsack, yrði bönnuð af öryggisástæðum. Dómarinn komst að þeirri niðurstöðu að bann væri tilgangslaust vegna þess að í síðustu viku birti danska dagblaðið Politiken bókina í heild sem fylgiblað. Einnig er hægt að ná í hana ókeypis á netinu, en hún er væntanleg í bókabúðir í Danmörku á fimmtudag.

Bók Rothsacks heitir „Hermaður – í stríði við úrvalssveitirnar“. Þar lýsir hann hermennsku sinni í Afganistan og Írak.

- gb

6

FRÉTTABLAÐIÐ

22. september 2009

ÞRIÐJUDAGUR

Niðursuða hefur náð fótfestu í Súðavík og byggir á þorskeldi á staðnum:

Fylla 2,5 milljónir lifrardósa

SJÁVARÚTVEGSMÁL Niðursuðuverksmiðja Hraðfrystihússins-Gunnvarar í Súðavík verður rekin á fullum afköstum í vetur og er gert ráð fyrir að framleiddar verði 2,5 milljónir dósa af niðursoðinni fisklifur.

Eins og fram kemur á fréttavefnum bb.is fer haustvertíðin, sem hófst 1. september síðastliðinn, vel af stað. „Við verðum að vinna tvo daga í viku fram í enda nóvember en svo með fulla starfsemi til 1. júní,“ segir Kristinn Kristjánsson, vinnslustjóri hjá HG. Hann segir vertíðina leggjast vel í starfsfólk verksmiðjunnar, en fimm starfsmenn vinna hjá

verksmiðjunni um þessar mundir. „Við reiknum með ekki minna magni en í fyrra, eða 2,5 milljónum dósa,“ segir Kristinn. Þess má geta að slegið var framleiðslumet á síðasta ári.

Hráefnið hefur komið að langstærstum hluta úr þorskeldi fyrirtækisins í Álftafirði og Seyðisfirði og af ísfisktogaranum Páli Pálssyni ÍS, auk þess sem hráefnis er aflað á mörkuðum og víðar af Vestfjörðum. „Við notum lifur hvar sem við komum höndum yfir hana, við erum til dæmis í sambandi við menn á Patreksfirði og Grindavík til að verða okkur úti um meira hráefni,“ segir Kristinn.

- shá



ÞORSKELDI Hrein og falleg lifur fellur til þegar eldisþorski er slátrað og er gott hráefni til niðursuðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þrír ungir menn fyrir dómi:
Ákærðir fyrir að berja mann

DÓMSMÁL Premur ungum mönnum á aldrinum 19 til 21 árs hefur verið birt ákæra fyrir sérlega hættulega líkamsárás sem þeim er gefið að sök að hafa framið í júní fyrir rúmu ári.

Í ákæru eru þeir sagðir hafa ráðist að nítján ára pilti að næturlagi í Laufríma í Reykjavík, kýlt hann nokkrum sinnum í andlit og líkama og síðan barið hann með golfkylfum í andlit og háls. Fórnarlambið hlaut mikið mar og bólgu umhverfis hægri auga og kinnbein, skurð á kinnbein og mar og skrámu hægri megin á hálsi. Fórnarlambið krefst tæplega 1,4 milljóna króna í bætur.

- sh

Jón Pétursson slapp:
Kröfu á nauðgara vísað frá

DÓMSMÁL Héraðsdómur hefur vísað frá dómi tæplega 24 milljóna króna skaðabótakröfu á hendur nauðgaranum Jóni Péturssyni. Kröfuna gerði móðir fyrir hönd ólöggráða sonar síns, sem hafði, ellefu ára gamall, þurft að horfa upp á ofbeldi Jóns gegn húshjálpinni á heimili hans.

Drengurinn var metinn með 25 prósentu varanlega örorku eftir að hafa orðið vitni að ofbeldi Jóns, sem tvívegis hefur hlotið fimm ára fangelsisdóm fyrir hrottafengið ofbeldi og nauðganir.

Kröfunni er vísað frá vegna vanreifunar, en upphæðirnar sem krafist var þóttu ekki rökstuddar nægilega vel.

- sh

Krefjast 3 milljarða vegna vanefnda OR

Verktakafyrirtækið Klæðning krefst 3,3 milljarða króna vegna meintra vanefnda Orkuveitu Reykjavíkur sem sögð er hafa stöðvað rekstur verktakans með ólöglegri skuldajöfnun. Klæðning skuldar okkur, segir upplýsingafulltrúi OR.

DÓMSMÁL „Við ákváðum að bjóða þeim birginn,“ segir Sigþór Ari Sigþórsson, framkvæmdastjóri verktakafyrirtækisins Klæðningar sem gerir 3,3 milljarða kröfu á Orkuveitu Reykjavíkur.

Klæðning krefst þess að Orkuveitan greiði 3,3 milljarða króna vegna uppgjors á verkum sem rift var og í bætur vegna „afleiðinga gjörða OR“.

Kröfur Klæðningar eru vegna samninga tengdum Hellisheiðarvirkjun sem rift var. Þar af er sérstök sundurliðuð bótakrafa upp á tæplega 1,9 milljarða króna vegna tjóns sem Klæðning telur sig hafa orðið fyrir vegna afleiðinga af vanefndum Orkuveitunnar.

Sigþór Ari segir að í apríl hafi legið fyrir að Orkuveitan hafi samþykkt um 150 milljóna króna reikninga vegna vinnu við Hellisheiðarvirkjun. „Rétt áður en átti að greiða þá fóru þeir í að endurmeta áður samþykktu og greidda reikninga í öðru verki. Þeir sögðu að þeir hefðu verið ofgreiddir og skuldajöfnuðu. Þar með stóðum við bara peningalausir og áttum eftir að borga laun og kaupleigu af tækjum og allt saman. Við teljum að þetta hafi verið algjörlega ólöglegt og það var enginn andmælaréttur gefinn,“ segir Sigþór.

Fjármögnunarfyrirtækið Lýsing tók síðan vélar og tæki af Klæðningu sem í kjölfarið sagði sig frá Hellisheiðarverkinu. Rekstur fyrirtækisins stöðaðist. Sigþór segir lánardrottna nú orðna óþolinmóða. „Við vonum að kröfuhafar stökkvi á þetta mál með okkur og sýni okkur skilning. Eina vonin til að þeir fái eitthvað greitt er að þetta mál vinn-

HELLISHEIÐARVIRKJUN Klæðning átti að sjá um lagningu nýrrar pípu frá Hellisheiðarvirkjun að vatnstönkunum á Reynisvatnssási en fyrirtækið varð frá að hverfa vegna rekstrarerfiðleika.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EIRÍKUR **HJÁLMARSSON** **SIGÞÓR ARI** **SIGÞÓRSSON**

ist. Allt okkar eigið fé er farið í framkvæmdir fyrir Orkuveituna sem Orkuveitan hefur ekki borgað og við þurfum að sækja þá

eftur. Við munum aldrei sleppa þeim við þetta,“ segir hann.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar, segir kröfu Klæðningar fara til umfjöllunar hjá lögfræðingum. Sjálf telji Orkuveitan sig eiga kröfu á Klæðningu eftir að fyrirtækið gekk frá verki.

„Í vor fór fram mikil úttekt á viðskilnaði Klæðningar. Endanlegt mat og uppgjör á honum mun væntanlega leiða til þess að við munum gera kröfu á Klæðningu,“ segir Eiríkur Hjálmarsson.

gar@frettabladid.is

Krepputilboð á Santa María!

Máltíð með súpu á aðeins **990 kr.** Frá kl. 11-16.

Santa María • Laugavegi 22a

VERÐHRUN!

LAGER SALA

FORLAGANNA

BORGARTÚNI 29

OPIÐ FRÁ KL 11-19.

Komdu og sparaðu! Allt að 90% afsláttur

Allir sem versla fá bók að gjöf! (Meðan þaggar endast)

UPPLÝSINGASÍMI

Veröld

SKRUDDA

BORGARTÚNI HÓLUR

BJARTUR

Auglýsingasími

512 50 50

Mest lesið

Skattstjórinn á Ísafirði um uppstökkun í skattkerfinu: Vona að ekki verði uppsagnir

SKATTUR. „Ég vona að það verði ekki uppsagnir,“ segir Rósa Helga Ingólfssdóttir, skattstjóri á Ísafirði, um þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á uppbyggingu skattkerfisins í landinu. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hyggst fjármálaráðuneytið fækka skattstjórum úr níu í einn, auk ríkisskattstjóra.

Ráðgert er að spara með þessu 140 milljónir á ári í rekstri skattkerfisins og fækka um rúmlega tuttugu starfsmenn en halda óbreyttu hlutfalli starfsmanna á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu.

Sex konur halda uppi starfsemi skattstofunnar á Ísafirði. Sparnaðaraðgerðir hafa verið í gangi, m.a. var ekki ráðið í starf sem losn-

aði nýlega. „Ég vona að það verði haldið áfram einhverri starfsemi á skattstofunni á Ísafirði,“ sagði Rósa Helga, sem flutti til Ísafjarðar fyrir rúmu ári þegar henni var veitt embætti skattstjóra þar til fimm ára. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær gera hugmyndir fjármálaráðuneytisins ráð fyrir því að öll vinna vegna virðisaukaskatts fari fram í Hafnarfirði og öll vinna vegna tekjuskatts á Akureyri. Rósa Helga segir áfram samt þörf fyrir fjarvinnslu, þjónustusíma og fleiri störf, sem hægt er að vinna úti á landi. Hún segist hafa áhyggjur af sínu starfsfólki vegna breytinganna. „Það er lítið annað hægt að segja,“ segir Rósa Helga Ingólfssdóttir.

- pg

ÍSAFJÖRÐUR Sex konur halda uppi starfsemi skattstofunnar á Ísafirði. Skattstjórinn á Ísafirði vonar að ekki komi til uppsagna.

Tækifæri


Aðeins í örfáa daga

20-40% afsláttur af sýningarvörum


Eitt líf njótum þess




Stillanleg rúm



Teppi og púðar




Lyftstólar




Lúxus sængurverasett




Tempur heilsukoddar



Tempur heilsudýnur



Hollandia stillanleg rúm



Heilsudýnur og gaflar



Dúnsængur og koddar

Fyrstir koma - fyrstir fá

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16



VEISTU SVARIÐ?



1. Hver skoraði bæði mörk FH í sigrinum gegn Val á sunnudaginn?
2. Hver er höfundur og leikstjóri kvikmyndarinnar Antichrist?
3. Hver á í málaferlum gegn De Villepin, fyrrverandi forsætisráðherra Frakklands?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Forseti Íslands tekur þátt í þremur alþjóðlegum málþingum í Bandaríkjunum í vikunni:

Ræðir um fjármálamarkaði og almannatheill

STJÓRNMÁL Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, tekur þátt í pallborðsumræðum á heimsþingi Clinton stofnunarinnar í New York á föstudag. Bill Clinton stofnaði til þingsins þegar hann lét af embætti forseta Bandaríkjanna.

Þingið verður sett á morgun en það sitja þjóðarleioðtogar og aðrir stjórnmálamenn auk áhrifamanna á ýmsum sviðum, til dæmis vísindum og viðskiptum. Barack Obama Bandaríkjaforseti ávarpar þingið á morgun en á því verður rætt um hnatttræn efnahags-, umhverfis- og félagsleg viðfangsefni.

Ólafur Ragnar verður málflytji-

andi í pallboðsumræðum þar sem rætt verður um hvernig fjármálamarkaðir geta þjónað almannatheill á heimsvísu.

Ólafur Ragnar sat þing síðasta árs og tók þá þátt í umræðum um loftlagsbreytingar og orkumál og baráttu gegn fátækt í heiminum.

Í Ameríkuferðinni mun Ólafur Ragnar líka sitja fund með hópi bandarískra hagfræðinga til að fjalla um reynslu Íslendinga, hina alþjóðlegu fjármálakreppu og hvað gera þurfi til að koma í veg fyrir að svo alvarleg áföll og kreppur endurtaki sig í framtíðinni. Er fundurinn haldinn í boði Josephs Stiglitz Nóbelsverðlauna-

hafa sem nýverið var á Íslandi. Ólafur Ragnar flytur jafnframt ræðu á leiðtogafundi bandaríska samkeppnisráðsins um orkumál og lokaræðu á málþingi Louise Blouin-stofnunarinnar um „lærdómanna sem draga má af fjármálakreppunni og hvernig hægt er að byggja upp hagsæld að nýju á traustan og öruggan hátt“ eins og segir í tilkynningu forsetaembættisins.

Dorrit Moussaieff forsetafrú verður með í för og sækir málþing um einhverfu og umræðukvöldverð um þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

bjorn@frettabladid.is



Á GÓÐRI STUNDU Bill Clinton og Ólafur Ragnar í Íslandsheimsókn Clintons árið 2004.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BONUS BONUS BONUS

Ferskt ungnautahakk
35% afsláttur
974.-

1498 KR.KG. 35% AFSLÁTTUR 974 KR.KG

BONUS BÝÐUR BETUR

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Réttarhöld í Frakklandi:

De Villepin segist vera saklaus

FRAKKLAND, AP „Ég veit að sannleikurinn mun sigra,“ sagði Dominique de Villepin, fyrrverandi forsætisráðherra Frakklands, þegar réttarhöld hófust í gær í



DOMINIQUE DE VILLEPIN

máli Nicolasar Sarkozy forseta gegn honum og fjórum öðrum sakborningum.

Sarkozy segir de Villepin hafa borið út óhróður um sig fyrir forsetakosningarnar 2007, en de Villepin hafði sjálfur lýst áhuga sínum á framboði fyrir þær kosningar.

„Ég kem út úr þessu frjáls og með hreinan skjöld,“ sagði de Villepin, sem hafnar öllum ásökunum forsetans.

- gb

UMHVERFISMÁL

Tillaga að starfsleyfi

Umhverfisstofnun hefur unnið tillögu að starfsleyfi fyrir urðunarstað Flokkunar Eyjafjarðar ehf. á Glerárdal, Akureyrarbæ. Samkvæmt tillögunni verður Flokkun heimilt að urða allt að 12.000 tonn af almennum og óvirkum úrgangi á ári en starfsleyfi verður gefið út til tveggja ára. Tillagan, ásamt starfsleyfisumsókn, mun liggja frammi til kynningar í Ráðhúsi Akureyrar til 13. nóvember 2009.



ST. JÓSEFSSPÍTALI Mun verða sjúkrahús með sérhæfðara hlutverk en hann gegnir núna frá og með næstu áramótum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETER

Sérhæfing sjúkrahúsa undirbúin

St. Jónsþesspítali mun ekki starfa áfram í óbreyttri mynd. Hvorki eru þó uppi áform um að leggja hann niður né gera hann að öldrunarstofnun. Unnið er að sérhæfingu sjúkrahúsanna á suðvesturhorninu.

HEILBRIGÐISMÁL Verið er að vinna að tillögum um verkaskiptingu sjúkrahúsanna á suðvesturhorninu, segir Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra. Hann segir alrangt að uppi séu áform um að leggja St. Jónsþesspítala niður hægt og í hljóði eins og Sigurjón Vilbergsson, sérfræðingur við spítalann, hélt fram í grein í Morgunblaðinu á sunnudag.

Híð rétta sé að spítalinn hafi orðið fyrir skerðingu í fjárframlögum eins og aðrar heilbrigðisstofnanir landsins. „Það má ekki rugla því saman við önnur áform um spítalann. Markmiðið er að efla hann þegar til lengri tíma er litið, það er ekki hugmyndin að hann verði í óbreyttu formi, en við viljum að hann gegni lykilhutverki í Hafnarfirði og sannarlega að hann sinni fleiru en öldrunarþjónustu.“

Undir þetta tekur Árni Sverrisson, forstjóri spítalans. Hann segir sparnaðaraðgerðir vera lið í því að skera niður um 120 til 130 milljónir í rekstri spítalans eins og honum bar að gera miðað við fjárhagsáætlanir. „Okkar verkefni hér innanhúss var að skera niður. Vegna óvissu um spítalann í byrjun árs þá byrjuðum við seinna á niðurskurði en aðrir en vonumst til þess að ná

settu markmiði á árinu.“ Fyrrverandi heilbrigðisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, lagði til í upphafi árs að St. Jónsþesspítali yrði öldrunarstofnun.

Meðal þess sem gripið hefur verið til í sparnaðarskyni í ár eru uppsagnir, en til að ná settum markmiðum hefur kaupum á þjónustu fjórtán sérfræðinga spítalans, sem fá greitt sem verktakar, verið hætt það sem eftir lifir árs. Alls eru sérfræðingarnir fjórutíu. Vonast Árni til að þessar ráðstafanir dugi til að mæta niðurskurðarkröfum.

Árni bendir á að tillögur þær sem nú sé verið að vinna að muni síðan leggja línurnar um framtíð spítalans og því ekki hægt að segja í bili hvaða sérfræðingar muni vinna áfram við spítalann. Eins og sakir standa eru lyflækningadeild, handlækningadeild, meltingarsjúkdómadeild, augndeild og þrjár skurðstofur á spítalanum.

Heilbrigðisráðherra segir að ljóst sé að meiri verkaskipting og hagræðing verði á rekstri skurðstofa á suðvesturhorninu. Annað sé ekki hægt að segja í bili um áætlanir um framtíð spítalanna.

sigridur@frettabladid.is

SÉRHÆFING Á SUÐVESTURHORNINU

Meiri sérhæfing verður hjá sjúkrahúsum á Suðvesturlandi; á Akranesi, Selfossi, í Reykjanesbæ, Hafnarfirði og Reykjavík en verið hefur til þessa. Stjórnendur stofnanna hafa undanfarið unnið að tillögum að því hvernig sú sérhæfing á að verða undir stjórn stefnumótunarsviðs heilbrigðisráðuneytisins annars vegar og Huldu Gunnlaugs-

dóttur, forstjóra Landspítalans, hins vegar. Faghópar á vegum sjúkrahúsanna fimm funda í fyrsta sinn í dag með hópnum en í faghópnum eru sérfræðingar sjúkrahúsanna og eiga þeir að gefa álit sitt og koma með tillögum um framtíðarverkaskiptingu sjúkrahúsanna.

Framtíðarskipanin verður kynnt á næstu vikum.

SIEMENS

Tæki færi

í september

Glæsilegar vörur nú á Tækifærisverði.
Láttu drauminn rætast.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Skoðið Tækifæristilboðin á **www.sminor.is**
Umboðsmenn um land allt.

Ályktanir 32. landsþings Náttúrulækningafélags Íslands, haldið í Hveragerði 19. september 2009

Erfðabreytt ræktun á Íslandi

Landsþing Náttúrulækningafélags Íslands (NLFÍ) fordæmir það ábyrgðarleysi íslenskra stjórnvalda að heimila útiræktun á erfðabreyttu lyfja- og iðnaðarbyggi í Gunnarsholti á Rangárvöllum, einu blómlegasta landbúnaðarhéraði landins. Landsþing NLFÍ átelur að Umhverfisstofnun hafi veitt heimild til þessarar áhættusömu ræktunar án þess að gera fullnægjandi mat á umhverfis- og heilsufarsáhrifum hennar. Landsþingið telur brýnt að áður en slíkar ákvarðanir eru teknar fari fram viðtæk umræða meðal almennings um félagsleg og siðferðileg álitamál erfðabreytinga og þá áhættu sem tekin er með sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið. Landsþingið varar við þeirri hættu sem slík ræktun hefur í för með sér fyrir ímynd og hreinleika Íslands og opinber markmið um sjálfbæra þróun.

Náttúrulækningafélag Íslands hefur ásamt sex öðrum samtökum (Dýraverndarsambandi Íslands, Náttúruverndarsamtökum Suðurlands, Neytenda-samtökunum, Matvæla- og veitingafélagi Íslands, Slow Food Reykjavík og Verndun og ræktun – félagi framleiðenda í lífrænum búskap) lagt fram stjórnsýslukæru til Umhverfissráðherra á ákvörðun Umhverfisstofnunar. Þar er þess krafist að áðurnefnt leyfi sem stofnunin veitti ORF Líftækni hf. þann 22. júní verði fellt úr gildi.

Innihaldslýsingar

Náttúrulækningafélag Íslands leggur sérstaka áherslu á að íslensk stjórnvöld taki nú þegar upp tilskipun EES í íslensk lög um merkingar á matvælum sem framleidd eru úr erfðabreyttum lífverum og afurðum þeirra. NLFÍ hvetur til strangra viðurlaga við upplýsingafölsun á umbúðum. Almenningsur á skýlausan rétt á því að vita hvað hann leggur sér til munns.

Lífræn framleiðsla

Náttúrulækningafélag Íslands hvetur til notkunar lífrænna aðferða í matvæla- og náttúruvöruframleiðslu og neyslu lífrænna afurða, meðal annars á barnaheimilum, í skólum, á heilbrigðisstofnunum og í mötuneytum vinnustaða.

NLFÍ bendir á að þeim vísindalegu rannsóknnum fjölgar ár frá ári sem benda til þess að lífræn framleiðsla sé hagkvæm, hafi jákvæð áhrif á lífríki og umhverfi, og stuðli að betri næringu og heilsufari. NLFÍ bendir á að Íslendingar standa grannþjóðum sínum langt að baki á þessu sviði, þótt aðstæður til lífrænnar framleiðslu séu að mörgu leyti betri hér á landi en annars staðar. NLFÍ harmar áhugaleysi íslenskra stjórnvalda og bændasamtaka um þróun lífrænnar ræktunar á Íslandi. Þá furðar NLFÍ sig á þeirri áherslu sem lögð hefur verið á svonefnda „vistvæna ræktun“ undanfarin ár, sjónhverfingu sem nýtur engrar viðurkenningar á alþjóðamarkaði matvæla og gerir ekki annað en að grafa undan þróun lífrænnar ræktunar á Íslandi.

Blekkiauglýsingar

Náttúrulækningafélag Íslands lýsir megnri andúð á hvers konar auglýsingum á miður hollum neysluvörum, sem aðallega er beint að börnum og unglingum. Þessar auglýsingar hvetja til neyslu á varningi sem inniheldur mikið af viðbættum sykri og öðrum óæskilegum efnum. Þær stangast þannig á við almenn manneldismarkmið og stefnu félagsins, þótt

þær gefi oft hollustu í skyn. Neysla þessa varnings getur mótað heilsu barna og unglinga til framtíðar og meðal annars leitt til ólæknandi offitu, sykursýki og ofvirkni. Þingið hvetur foreldra og forráðamenn barna til að vera á varðbergi gegn þessum óábyrgu auglýsingum.

Mataræði barna í grunnskólum

Náttúrulækningafélag Íslands hvetur íslensk stjórnvöld til að tryggja börnum hollt fæði í öllum grunnskólum landsins. Rannsóknir sýna tengsl á milli holls og góðs mataræðis og námsárangurs því ættu allir grunnskólar á Íslandi að bjóða fjölbreytta fæðu öllum börnum að kostnaðarlausu.

Sykur

Náttúrulækningafélag Íslands hefur áratugum saman varað við sífellt vaxandi sykurneyslu Íslendinga. Lengi hefur verið vitað, að ofneysla sykurs hefur almennt slæm áhrif á heilsu og veldur sérstökum vandamálum á borð við tannskemmdir og sykursýki. NLFÍ vekur sérstaka athygli á að 99% þurrefnis í gosdrykkjum er viðbættur sykur; að kex er 17–19% viðbættur sykur og kökur 21–28%; að 3–47% innihalds morgunkorns er viðbættur sykur. Unnar mjólkurvörur, sem kenndar eru við skóla og ávexti, hafa 6–10% viðbættan sykur, viðbættur sykur er í nánast öllum pakka-, dósa- og glasamat í matvöruverslunum, þ.m.t. ungbarnamat. NLFÍ hvetur til að undantekningalaust verði skylt að tilgreina magn viðbættis sykurs á umbúðum matvæla sem seld eru hér á landi.

Tóbak

Náttúrulækningafélag Íslands og stofnendur þess hafa mælt gegn tóbaksneyslu í yfir 80 ár, lengst af fyrir daufum eyrum. Ekki er lengur véfengt að mikið heilsutjón stafar af neyslu tóbaks. Það liggur í augum uppi að ef tóbak kæmi á markað í dag þá væri lítið á efnið sem hættulegt fíkniefni, fíkniefni sem yfirvöld myndu ekki undir neinum kringumstæðum heimila innflutning á. NLFÍ hvetur stjórnvöld til að taka skrefið til fulls og sýna afgerandi fordæmi sem eftir yrði tekið í alþjóðasamfélaginu og banna með öllu innflutning tóbaks og notkun þess og meðhöndla brot á slíku banni með sama hætti og ólöglegan innflutning á fíkniefnum.

Umhverfi

Náttúrulækningafélag Íslands minnir á að hreint náttúrulegt umhverfi er mikilvægur þáttur í heilsu fólks, eins og lífræn náttúruleg fæða. Fólk þarf að geta stundað heilbrigð útilíf í eðlilegu umhverfi og hafa aðgang að ósnortnum viðernum. NLFÍ er andvígð því, að stórbrotinni náttúru landsins og lífinu í sjónum umhverfis það sé fórn að á altari gróðahyggiunnar.



BERUM ÁBYRGÐ Á EIGIN HEILSU

Annað VÍSINDAKAFFIÐ er í kvöld

22. september kl. 20:00 - 21:30
Súfistinn lðuhúsinu



Veistu hvað þú vilt?

- neytendasálfræði og markaðssetning matvæla



Visinda Vaka

Opið hús!

Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu
Föstudaginn 25. september
kl. 17:00 til 22:00

Dr. Valdimar Sigurðsson frá viðskiptadeild HR fjallar um greiningu og mótun neytenda - hegðunar í verslunum. Er hægt að breyta verslun í tilraunastofu? Er eitthvað að marka neytendur?

Allir velkomnir. Láttu sjá þig!



FORLAGIÐ



Menntamálaráðuneytið
lðnaðarráðuneytið



Menntamálaráðuneytið
lðnaðarráðuneytið



rannís

Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

www.rannis.is/visindavaka

11001111010011

PHOTOSHOP EXPERT

- ALVÖRU PHOTOSHOP NÁMSKEIÐ -



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is



KENNARI NÁMSKEIÐSINS, SIGURÐUR JÓNSSON, LÆRÐI LJÓSMYNDUN Í SCHOOL OF VISUAL ARTS Í NEW YORK OG ÖÐLAÐIST MEISTARARÉTTINDI Í LJÓSMYNDUN ÁRÍÐ 1989. HANN HEFUR HALDIÐ NÁMSKEIÐ Í STAFRÆNNI MYNDVINNSLU FYRIR LJÓSMYNDARAFÉLAG ÍSLANDS, LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS, MARGMIÐLUNARSKÓLANN, IÐNSKÓLANN Í REYKJAVÍK OG NÚ Í 5 ÁR HJÁ NTV.

PHOTOSHOP EXPERT

Við hjá NTV leyfum okkur að fullyrða að þetta sé eina námskeiðið sem uppfylli kröfur þeirra sem einhverja reynslu hafa í Photoshop. Námskeiðið er yfirgripsmikið þar sem mikið er lagt upp úr þeim þætti sem snýr að eftirvinnslu s.s. litgreiningu, prófílum, upptöku aðgerða, skipulag, meðferð RAW skráa, og öllum þeim aðgerðum sem áður fyrr voru framkvæmdar í myrkrakompu.

KENNSLUTILHÖGUN

Mánudaga og miðvikudaga 18-22.
Byrjar 05. okt. og lýkur 11. nóv.

FYRIR HVERJA?

Námskeiðið er ætlað þeim sem vinna við grafík og stafræna myndvinnslu og vilja ná dýpri þekkingu og skilningi á nær óendanlegum möguleikum þessa flotta verkfæris.

Námið er undirbúningur fyrir alþjóðlegt próf sem gefur gráðuna: Adobe Certified Expert.

INNTÖKUSKILYRÐI

Þeir sem ætla í þetta nám þurfa að hafa einhverja reynslu í Photoshop og undirstöðuþekkingu á Windows umhverfinu.

Einnig þarf góða enskukunnáttu þar sem flest námsgögn eru á ensku.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Vetrarlokun hjá Ferðafélagi Íslands:

Skálum á hálendinu lokað

ÚTIVIST Skálar Ferðafélags Íslands í Hrafninnuskeri, við Álftavatn, í Hvanngili og Emstrum verða lokaðir í vetur rétt eins og í fyrra og er verið að loka þeim um þessar mundir að því er fram kemur á vef Ferðafélags Íslands.

Opið verður áfram í Langadal í Þórsmörk og Landmannalaugum. Þar verða skálaverðir fram eftir október. Ferðalangar geta fengið lykla að skálum Ferðafélagsins ef þeir vilja nota þá að vetrarlagi og geta sótt þá á skrifstofu félagsins.

Skálarnir eru allir við göngu-leiðina vinsælu, Laugavegin, sem liggur frá Landmannalaugum yfir í Þórsmörk og hafa því verið vel sóttir í sumar.

- sbt



VIÐ ÁLFTAVATN Skálinn er vinsæll næturstaður ferðalanga.



STANLEY A. MCCHRYSTAL Yfirmaður herliðs Bandaríkjanna og NATO í Afganistan segir nauðsynlegt að breyta áherslum.

NORDICPHOTOS/AFP

Engan veginn nóg að fjölga í herliðinu

Herforinginn Stanley A. McChrystal vill 40 þúsund hermenn til Afganistans í viðbót við þá 90 þúsund sem eru þar fyrir. Segir brýnt að ávinna traust.

AFGANISTAN „Ástandið er alvarlegt og hvorki hægt að ganga að sigri né ósigri vísun,“ segir Stanley A. McChrystal, æðsti yfirmaður herliðs Bandaríkjanna og NATO í Afganistan.

Bandaríska dagblaðið Washington Post birti í gær þriggja vikna gamla skýrslu McChrystals um ástand og horfur í Afganistan. Þessi skýrsla átti að fara leynt, þó nokkur efnisatriði hennar hafi verið gerð opinber þegar hann afhenti Robert Gates varnarmálaráðherra hana í lok ágúst.

McChrystal telur óhjákvæmilegt að fjölga allhressilega í erlenda herliðinu í Afganistan, eigi árangur að nást í langvinnri baráttu aðkomuhersins við uppreisnarmenn.

Mikilvægara telur McChrystal þó að bæði erlenda herliðið og ríkisstjórn landsins ávinni sér traust heimamanna. Spilling ráðamanna er að mati hans jafnmikil ógn og uppreisnin, sem herliðið þarf að takast á við.

„Veikleikar ríkisstofnana, illræðisverk valdamanna, útbreidd spilling og misbeiting valds af hálfu ýmissa embættismanna, ásamt mistökum fjölþjóðaherliðsins sjálfs, hafa ekki gefið Afgönur ríka ástæðu til að styðja ríkisstjórn sína,“ segir í skýrslu McChrystals.

Til þess að breyta þessu verði

fjölþjóðaherlið Bandaríkjanna og NATO að breyta verulega áherslum í starfi sínu.

„Hernaðaraðferðir okkar mega ekki beinast eingöngu að því að ná landsvæðum á okkar vald eða brjóta uppreisnarsveitir á bak aftur, heldur verða athafnir okkar að beinast að þjóðinni.“

Hann segir fyrst og fremst nauðsynlegt að aðkomuherliðið og yfirmenn þess aflí sér betri þekkingar á íbúum Afganistans og umgangist jafnframt heimamenn meira en hingað til, í staðinn fyrir að einangra sig bak við víggirðingar og í brynvörðum bifreiðum.

Árangur náist ekki nema erlenda herliðið sé reiðubúið til þess að deila áhættunni með heimamönnum.

Í skýrslunni segir McChrystal einnig að þrír uppreisnarrópar séu stórtækastir í baráttu sinni gegn erlenda herliðinu og ríkisstjórn landsins: Einn hópurinn er skipaður talibönnum sem nú er stjórnað frá borginni Quetta í Pakistan, annar hópur er tengdur hryðjuverkasamtökunum Al Kaída, en sá þriðji lýtur stjórn gamalreynnda stríðsherrans Gulbuddins Hekmatyars.

Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur verið að kynna sér skýrsluna ásamt helstu hernaðaráðgjöfum sínum.

gudsteinn@frettabladid.is

Ódýrt í matinn tökum slátur!



**ÓDÝRT
OG GOTT!**

Keppurinn á
ca. 80 kr.

SLÁTURMARKAÐUR

í Hagkaup Skeifunni

17. sept. - 30. okt.

Afgreitt frá kl. 14 - 20*

* Alla daga nema mánudaga og sunnudaga meðan birgðir endast

50 HAGKAUP
ára fyrir Íslendinga í 50 ár

FRÉTTASKÝRING: Stöðugleikasáttmálinn

Vinnumarkaður ósáttur við hægagang

Verkalýðshreyfingunni þyk-
ir vinna við stöðugleikasátt-
málann ganga heldur hægt.
Hluti þeirra aðgerða sem
þegar eiga að hafa lítið dags-
ins ljós er á eftir áætlun.
Hinn 1. nóvember á stórum
áföngum að vera náð. Sam-
ráð hefur aukist og munu
aðilar funda á morgun.

Forsætisráðherra undirritaði stöð-
ugleikasáttmála fyrir hönd ríkis-
stjórnarinnar 25. júní. Viðsemj-
endur voru fulltrúar nánast allra
vinnandi manna í landinu; Alþýðu-
sambands Íslands, Bandalags
háskólamanna, Samtaka starfs-
manna fjármálafyrirtækja, BSRB
og Kennarasambands Íslands, auk
Samtaka atvinnulífsins og Sam-
bands íslenskra fjármálafyrir-
tækja.

Sáttmálinn var tilraun til sam-
stöðu um endurreisn efnahagslífs-
ins og þegar kampakátir fulltrúar
skrifuðu undir hann í Þjóðmenn-
ingarhúsinu ríkti mikil bjartsýni.
Viðræðurnar höfðu þó ekki gengið
þrautalaust fyrir sig; fulltrúar
ríkisstarfsmanna deildu við hinn
almenna vinnumarkað um hvort
ætti að setja hámark á niðurskurð
hjá hinu opinbera og hvert það
ætti að vera. Svo virtist sem ætla-
ði að slitna upp úr viðræðum, en
Jóhanna Sigurðardóttir forsætis-
ráðherra kallaði samningsaðila
á fund í Stjórnarráðinu og þaðan
gengu menn sáttir út.

Niðurstaðan varð sú að skattar
verði lækkaðir hlutfall aðlögunar-
aðgerðanna eftir yfirstandandi ár.
Samtals yrðu þeir ekki hærri en
45 prósent þeirra fyrir árin 2009
til 2011. Það þýðir að niðurskurð-
ur hjá hinu opinbera mun nema 55
prósentum.

Metnaðarfull áætlun

Stöðugleikasáttmálanum er ætlað
að vera rammi utan um hvernig
atvinnu- og efnahagslíf landsins er
endurreist. Hann er í fjórtán liðum
og tekur á öllu frá kjarasamningum
og skuldsettum heimilum til endur-
reisnar banka og afnámi gjaldeyr-
ishamla.

Sáttmálinn er ekki bara háleit
markmið sett í mikilfenglega frasa
líkt og velferðarbrú og skjaldborg
um heimilin. Í honum er að finna
dagsetningar um hvenær ákveðn-
um áföngum á að vera náð.

Fyrst er að telja samninga á opin-
berum vinnumarkaði sem ganga
átti frá svo fljótt sem auðið væri
að lokinni undirskrift. Það var gert

og samið á svipuðum nótum og á
almennum vinnumarkaði.

Samið við lífeyrissjóði

Til þess að stuðla að aukinni
atvinnu skuldbatt ríkisstjórnin sig
til að semja við lífeyrissjóði um
að þeir fjármögnuðu stórar fram-
kvæmdir, samkvæmt minnisblaði
vegna verklægra framkvæmda frá
júní. Í því eru að mestu tiltekin
orkutengd verkefni; álver á Bakka,
gagnaver á Norður- og Suðurlandi,
koltrefjaverksmiðja og fleira.

Stefnt var að því að þessum við-
ræðum yrði lokið fyrir 1. septemb-
er, en þeim er ekki lokið enn. Þær
töfðust í sumar, en hófust aftur nú
í september.

Þá ætla ríkisstjórnin að greiða
götu þegar ákveðinna stórfam-
kvæmda; svo sem vegna álvera í
Helgúvík og Straumsvík. Þá verði
undirbúningsvinnu hraðað vegna
áforma er tengjast meðalstórum
iðnaðarkostum, svo sem gagnaver-
um og kísilflöguframleiðslu. Eftir
1. nóvember eiga engar hindranir
að vera í veginum af hálfu stjórn-
valda hvað þessar framkvæmdir
varðar.

Stóri dagurinn

Segja má að 1. nóvember verði stóri
dagurinn í sögu stöðugleikasátt-
málans. Þá á ýmsum verkefnum að
vera lokið; eða kappkostað að svo
verði. Endurskipulagningu á eign-
arhaldi bankanna á að vera lokið þá,
og leitast á við að aflétta hömlum á
nýrri fjárfestingu fyrir þann dag.
Raunar átti að leggja fram áætlun
fyrir 1. ágúst um hvernig gjaldeyr-
ishömlum verður aflétt.

Aðilar vinnumarkaðarins lögðu
á það ríka áherslu að hægt yrði að
lækka stýrivexti Seðlabankans. Í
sáttmálanum segir að þeir treysti
því að með honum skapist forsend-
ur fyrir því að lækka vextina í
eins stafs tölu fyrir 1. nóvember.
Stýrivextir eru nú 12 prósent og
næsti vaxtaákvörðunardagur er á
fimmtudaginn.

Skuldsett heimili

Þá var í sáttmálanum sérstaklega
kveðið á um að bæta stöðu skuld-
settra heimila. Hraða átti vinnu
ráðherranefndar og gera tillögur
í samráði við aðila vinnumarkað-
arins um viðbótarúrræði ef þörf
kræfi.

Nefndin er enn að störfum og
sumum verkalýðsforkólfum hefur
þótt skorta á samráðið. Það horf-
ir þó til bóta. Á miðvikudaginn
munu fulltrúar hitta fjóra ráð-
herra; forsætis-, fjármála-, iðnað-
ar- og félagsmálaráðherra. Ljóst er
að fjárlögin verða þar til umræðu,



MIKIL GLEÐI Ósvikin gleði braust út þegar samningar náðust um stöðugleikasáttmálann og þeir sem skrifuðu undir hann voru þess fullvissir að með honum væri stigið skref til endurreisnar íslensks efnahagslífs. Enn eru vonir bundnar við sáttmálann þótt hægar hafi gengið að uppfylla ákvæði hans en fyrirhugað var.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

ÓNÓGT SAMSTARF

**ÁRNI STEFÁN
JÓNSSON**

Árni Stefán Jónsson, starfandi formaður BSRB, segir
nokkuð hafa vantað upp á að boðað samstarf hafi verið
rækt. Hann tiltekur skoðun á skuldum heimilanna, en
viðsemjendum ríkisins hafi þótt þeir standa fyrir utan
þá vinnu. Samkvæmt sáttmálanum hafi þeir átt að taka
þátt í þeirri vinnu og nú hafi verið gerð bragarbót þar á.
Komið sé á fast samráð við ríkisstjórnina og fundað sé
einu sinni í mánuði.

„Okkur finnst úrvinnsla sáttmálans ganga of hægt fyrir
sig og það hefur farið í pirrnar á fólki.“

Spurður hvort sáttmálanum verði sagt upp takist ekki
að uppfylla skilyrði hans segir Árni það ekkert hafa verið
rætt. „Menn verða að ráða ráðum sínum. Það hljóð er ekki komið í strokk-
inn og við verðum að gera það sem er best fyrir samfélagið.“

**FRÉTTASKÝRING**

KOLBEINN
ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

MÁ EKKI HÆKKA KOSTNAÐ

**HALLDÓR HALL-
DÓRSSON**

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra
sveitarfélaga, segir of margt vanta upp á í uppfyllingu
sáttmálans. Nauðsynlegast sé að efla atvinnu í landinu.
Hann segir þó ekki reynslu komna á sáttmálann enn
þá; brugðið geti til beggja vona með hann, hvort hann
sé ómögulegur eða góður.

Halldór segir það að hafa náð samkomulagi um
launabáttinn, að hækka laun upp á 210 þúsund krónur
á meðan aðrir voru látnir bíða, hafi haft gríðarlega
jákvæð áhrif. „Við þolum ekki kostnaðarhækkun
umfram það sem orðið er í neinum rekstri. Sá þáttur er
mun mikilvægari en menn gera sér grein fyrir.“

Halldór segir samráð hafa verið nægt og hann er ánægður með það. Þó
vanti kannski nokkuð upp á að betur sé hlustað á tillögur samningsaðila.

VAXANDI ÓPREYJA

Gylfi Arnbjörnsson, formaður ASÍ, segir
gæta vaxandi ópreyju með að of langan tíma
taki að þoka hlutunum áfram. Margt hafi færst til
betri vegar síðustu viku, sérstaklega hvað varðar
framkvæmdir og atvinnu-
mál, en enn sé of stórum
spurningum ósvarað í
þeim efnum.

Gylfi segir gríðarlega mikilvægt
að stuðla að afnámi gjaldeyrishafta. Hann segir
verulega skorta á lausnir á því sviði. Afgreiðsla
Alþingis á ríkisábyrgð vegna lcesave hafi sett
gjalddeyrismálin í biðstöðu, þar sem
ekki fékkst afgreiðsla á málefnum
Íslands hjá Alþjóðagjaldeyris-
sjóðnum. Nú sé það mál komið á
byrjunarreit.

Þá segir Gylfi að lækun stýrivaxta



**GYLFI
ARNBJÖRNSSON**

Seðlabankans sé nauðsyn-
leg. Hann minnir á að næsti
vaxtaákvörðunardagur sé á
fimmtudag, en síðan ekki
auglýstur fyrr en 5. nóvem-
ber. Hann segir í besta falli
hægt að vonast eftir því að
stýrivextir haldist óbreyttir
við næstu ákvörðun, miðað
við orð seðlabankastjóra.

Gylfi minnir á að kjara-
samningum hafi verið
frestað til að skapa aðstæður til
þess að stýrivextir næðust niður fyrir
10 prósent fyrir 1. nóvember. Áfram-
hald samningsins muni ráðast af
vaxtaákvörðunum. Samtök atvinnu-
lífsins hafi viljað segja samningnum
upp í júnímánuði vegna vaxtastefnu
stjórnvalda. Ákveðið hafi verið að
skapa svigrúm til að lækka vexti og
náist það ekki séu samningarnir í
uppnámi.

LÆKKA ÞARF VEXTI

**HANNES G.
SIGURÐSSON**

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarfram-
kvæmdastjóri Samtaka
atvinnulífsins, segir miður
að lækun
vaxta sé ekki
á áætlun. Þá
hafi ekkert
verið gert í
gjalddeyrishöft-

um, utan áætlun sem Seðlabank-
inn lagði fram, en hún hafi valdið
samtökunum vonbrigðum. Hún
hafi verið of varkár.

„Það sem er mikilvægast í
sáttmálanum, utan ákvæði um
vextina og höftin, eru áætlanir um
að ráðast í framkvæmdir í samráði
við lífeyrissjóðina og aðra fjárfesta.
Hindrunum átti að ryðja úr vegi
fyrir tilteknum stórfamkvæmdum
og þar erum við klárlega á eftir.“

Hannes segir samtökin hafa
látið í ljós óánægju sína með þær
tafir sem orðið hafa á verkefnum
sáttmálans. „Okkur finnst það
blasa við að það væri kjörin leið
út úr efnahagskreppunni á Íslandi
að stuðla að miklum fjárfesting-
um í orkugeiranum, við iðjuver og
gagnaver og fleira í þeim dúr.“

Hannes segir menn muni skoða
málin í október hvort samningur-
inn muni halda. Hann sé ekkert
ólíkur öðrum samningum hvað
það varðar að ákvæði hans verði
að halda.

BONUS BONUS BONUS

**Bónus heill kjúklingur
30% afsláttur
489.-**

698 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR 489 KR.KG

BONUS BÝÐUR BETUR

Opið til kl. 18 í kvöld

Dæmi um bílaleigubíla sem eru á rýmingarsölu Thrifty bílaleigu



Ford Mondeo Trend (EG173)
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Upphitanleg framrúða, hiti í framsætum, loftkæling ofl.
Skrd. 06/2006. Ek. 22.000 km.
Verð 2.720.000 kr.
Thrifty afsláttur 630.000 kr.
Thrifty verð 2.090.000 kr.



Ford Fiesta Trend (U0824)
1,4i bensín beinskíptur 5 dyra.
Skrd. 5/2007 Ek.74.000 Km.
Verð 1.650.000 kr.
Thrifty afsláttur 660.000 kr.
Thrifty verð 990.000 kr.



Ford Fiesta ST (SZ193)
2,0i bensín beinskíptur 3 dyra.
Skrd. 03/2007 Ek. 50.000 km.
Verð 2.400.000 kr.
Thrifty afsláttur 810.000 kr.
Thrifty verð 1.590.000 kr.



Ford Focus (UV678)
1,6i bensín beinskíptur 5 dyra.
Skrd. 07/2005 Ek. 63.000 km.
Verð 1.990.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 1.390.000 kr.



Ford Explorer Eddie Bauer 4x4 (AU201)
4,0i V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Dráttarbeisli, nálægðarskynjari aftan, hraðastillir ofl.
Skrd. 05/2006. Ek. 92.000 km.
Verð 3.820.000 kr.
Thrifty afsláttur 1.030.000 kr.
Thrifty verð 2.790.000 kr.



Citroën C4 Coupé VTR (SZ648)
1,6i bensín beinskíptur 3 dyra.
Vindskeið að aftan, loftkæling, filmur í afturrúðum ofl.
Skrd. 02/2005. Ek. 47.000 km.
Verð 1.920.000 kr.
Thrifty afsláttur 730.000 kr.
Thrifty verð 1.190.000 kr.



Mazda6 Sport (LP883)
2,3i bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Leður, rafdrifrið bilstj. sæti, BOSE hljómkerfi, Xenon ljós ofl.
Skrd. 06/2006. Ek. 63.000 km.
Verð 2.950.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 2.450.000 kr.



Subaru Legacy Sport (MT211)
2,0i bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Upphækkun, dráttarbeisli.
Skrd. 05/2007. Ek. 35.000 km.
Verð 3.390.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 2.790.000 kr.



Renault Master Stuttur (P0088)
2,5i dísil 5 gíra 6 dyra.
Rennihúró á vinstri hlið, vörulyfta.
Skrd. 08/2004. Ek. 138.000 km.
Verð 1.950.000 kr.
Thrifty afsláttur 760.000 kr.
Thrifty verð 1.190.000 kr.



Volvo S40 (BF)
2,4i dísil beinskíptur 5 dyra.
Skrd. 06/2006. Ek. 110.000 km.
Verð 2.340.000 kr.
Thrifty afsláttur 450.000 kr.
Thrifty verð 1.890.000 kr.

Gerðu bílakaup dagsins!

Nýttu tækifærið - Thrifty bílaleiga þarf að losna við bíla fyrir veturinn. Nú getur þú gert bílakaup á alveg sérstökum kjörum. Komdu og skoðaðu. Reynsluaktu bíl frá Thrifty bílaleigu og gerðu bílakaup dagsins. Við erum þar sem Brimborg er á Bildshöfða 6, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri.

Thrifty bílaleiga rýmir til fyrir veturinn - gerðu bílakaup dagsins hjá Thrifty!



Volvo V50 (UG416)
2,5i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
leðuráklæði
Skrd. 09/2005 Ek.47.000 km.
Verð 3.490.000 kr.
Thrifty afsláttur 800.000 kr.
Thrifty verð 2.690.000 kr.



Citroën C5 (RJ162)
2,0i bensín sjálfskiptur station.
Filmur, viðarklæðning.
Skrd. 06/2005. Ek. 79.000 km.
Verð 1.990.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 1.490.000 kr.



Mazda6 Advance (LRA35)
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Vindskeið, filmur.
Skrd. 07/2008. Ek. 25.000 km.
Verð 3.890.000 kr.
Thrifty afsláttur 440.000 kr.
Thrifty verð 3.450.000 kr.



Mazda3 Sport (GHP51)
2,0i bensín beinskíptur 5 dyra.
Xenon ljós, filmur í afturrúðum.
Skrd. 05/2008. Ek. 17.050 km.
Verð 3.260.000 kr.
Thrifty afsláttur 670.000 kr.
Thrifty verð 2.590.000 kr.



Citroën C4 Comfort (KJ818)
1,6i bensín 5 gíra 5 dyra.
Glerbak, álfelgur.
Skrd. 09/2006. Ek. 27.000 km.
Verð 2.260.000 kr.
Thrifty afsláttur 570.000 kr.
Thrifty verð 1.690.000 kr.



Mazda6 Touring (ZG338)
2,0i bensín sjálfskiptur 4 dyra
Dráttarkrókur
Skrd. 04/2006 Ek. 52.300 km.
Verð 3.890.000 kr.
Thrifty afsláttur 360.000 kr.
Thrifty verð 1.990.000 kr.



Citroën C4 Comfort (PS788)
1,6i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 10/2005. Ek. 54.000 km.
Verð 1.950.000 kr.
Thrifty afsláttur 660.000 kr.
Thrifty verð 1.290.000 kr.



Citroën C8 SX (NU730)
2,0i bensín sjálfskiptur 7 manna.
Skrd. 12/2005. Ek. 59.000 km.
Verð 3.390.000 kr.
Thrifty afsláttur 1.020.000. kr.
Thrifty verð 2.370.000 kr.



Citroën C3 SX (VD266)
1,4i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 02/2006. Ek. 71.000 km.
Verð 2.450.000 kr.
Thrifty afsláttur 460.000 kr.
Thrifty verð 990.000 kr.



Ford Transit Connect (LM590)
1,8i dísil beinskíptur 5 dyra.
Skrd. 04/2006 Ek. 110.000 km.
Verð 1.490.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty verð 890.000 kr.



Mazda3 Touring (NE475)
1,6i bensín beinskíptur 4 dyra.
Skrd. 07/2007. Ek. 46.400 km.
Verð 2.190.000 kr.
Thrifty afsláttur 400.000 kr.
Thrifty verð 1.790.000 kr.



Mazda5 Touring (VBV17)
2,0i bensín beinskíptur 5 dyra.
Skrd. 01/2008. Ek. 47.000 km.
Verð 2.750.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 2.250.000 kr.



Citroën C3 SX (YL482)
1,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 03/2006. Ek. 35.000 km.
Verð 1.760.000 kr.
Thrifty afsláttur 370.000 kr.
Thrifty verð 1.390.000 kr.



Honda Jazz (VZ691)
1,3i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 06/2006. Ek. 54.400 km.
Verð 1.790.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 1.290.000 kr.



Citroën Berlingo (ON574)
2,0i bensín beinskíptur 5 dyra.
Skrd. 02/2005 Ek. 84.000 km.
Verð 1.250.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 750.000 kr.



Citroën C5 (JN459)
1,4i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 07/2006. Ek. 30.000 km.
Verð 2.320.000 kr.
Thrifty afsláttur 430.000 kr.
Thrifty verð 1.890.000 kr.



Toyota Aygo (OEJ79)
1,0i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 08/2007. Ek. 33.000 km.
Verð 1.650.000 kr.
Thrifty afsláttur 360.000kr.
Thrifty verð 1.290.000 kr.



Mazda3 Touring (JIP01)
1,6i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 06/2008. Ek. 54.000 km.
Verð 2.370.000 kr.
Thrifty afsláttur 380.000 kr.
Thrifty verð 1.990.000 kr.



Nissan X-Trail (UX041)
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 04/2005 Ek. 89.000 km.
Verð 2.190.000 kr.
Thrifty afsláttur 600.000 kr.
Thrifty afsláttur 1.590.000 kr.



Peugeot 206 (JY995)
1,4i bensín beinskíptur 5 dyra.
Skrd. 06/2006 Ek. 56.300 km.
Verð 1.590.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 1.090.000 kr.



Mazda3 Touring (RTA05)
1,6i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 02/2006 Ek. 43.000 km.
Verð 2.440.000 kr.
Thrifty afsláttur 350.000 kr.
Thrifty verð 2.090.000 kr.



Chevrolet Kalos (NY763)
1,4i sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 02/2006 Ek.35.000 km
Verð 1.390.000 kr.
Thrifty afsláttur 400.000 kr.
Thrifty verð 990.000 kr.



Ford Focus Trend (YG430)
1,6i bensín 5 gíra station.
Skrd. 08/2003 Ek. 83.000 km.
Verð 1.290.000 kr.
Thrifty afsláttur 400.000 kr.
Thrifty verð 890.000 kr.



Ford C-MAX Ghia (EA177)
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
16" álfelgur, hiti í framsætum, tölvust. miðstöð, raðr. rúður að framan ofl.
Skrd. 12/2005. Ek. 37.000 km.
Verð 2.500.000 kr.
Thrifty afsláttur 710.000 kr.
Thrifty verð 1.790.000 kr.



Ford Focus Trend (OT043)
1,4i bensín sjálfskiptur station.
Upphitanleg framrúða, hæðarstillanleg framsæti, raðr. rúður að framan ofl.
Skrd. 02/2006. Ek. 49.000 km.
Verð 2.270.000 kr.
Thrifty afsláttur 680.000 kr.
Thrifty verð 1.590.000 kr.



Ford Focus Trend Collection (TK164)
1,6i bensín sjálfskiptur station.
Upphitanleg framrúða, tölvustýrð miðstöð, raðr. rúður framan ofl.
Skrd. 06/2007. Ek. 58.000 km.
Verð 2.430.000 kr.
Thrifty afsláttur 540.000 kr.
Thrifty verð 1.890.000 kr.



Mazda Tribute (UA411)
2,3i bensín sjálfskiptur 5 dyra
Skrd. 05/2005 Ek. 40.645 mil.
Verð 2.490.000 kr.
Thrifty afsláttur 500.000 kr.
Thrifty verð 1.990.000 kr.



Ford Expedition Limited (NN561)
5,4i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 03/2005 Ek. 106.000 km
Verð 3.790.000 kr.
Thrifty afsláttur 1.200.000 kr.
Thrifty verð 2.590.000 kr.



Ford Fiesta Trend (00181)
1,4i bensín 5 gíra 5 dyra.
Hiti í framsætum, raðr. rúður að framan ofl.
Skrd. 06/2007. Ek. 71.000 km.
Verð 1.720.000 kr.
Thrifty afsláttur 530.000 kr.
Thrifty verð 1.190.000 kr.



Ford Focus (IV854)
1,4i bensín beinskíptur 5 dyra.
Skrd. 06/2003 Ek. 83.000 km.
Verð 1.190.000 kr.
Thrifty afsláttur 300.000 kr.
Thrifty verð 890.000 kr.

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins.

Komdu. Kaupu bíl á rýmingarverði af Thrifty

Við erum þar sem Brimborg er, Bildshöfða 6, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri. Sölumenn Brimborgar sjá um söluráðgjöf fyrir Thrifty.

Opið til kl. 18 í kvöld

Thrifty Íslandi
Bildshöfða 6
110 Reykjavík
Sími 515 7115

Thrifty Íslandi
Tryggvabraut 5
600 Akureyri
Sími 515 7115

Thrifty
www.thrifty.is
Bílaleiga

Tómarúm sem margir vilja fylla:

Andrúmsloft óvissu og efa

JÓN KALDAL SKRIFAR

Hinn 6. október í fyrra, daginn sem Geir H. Haarde flutti sjónvarpsávarpið sitt, breyttist allt á Íslandi. Tæplega tólf mánuðum síðar vitum við ekki enn hvernig tilveran verður.

Það hefur ýmislegt gerst á þessu ári sem er liðið. Það varð eitt stykki búsáholdabylting, það var skipt um ríkisstjórn, gengið til alþingiskosninga, samþykkt að sækja um aðild að Evrópusambandinu og tekist á um mestu fjárhagsskuldbindinga lýðræðistímans.

Þetta hefur vissulega verið sögulegt ár. Eftir stendur þó að óvissan um framtíðina er enn svo til hin sama og haustið 2008. Því miður. Hrunið skildi eftir sig risastórt tómarúm sem hefur ekki verið fyllt upp í.

Baráttan um hvaða hugmyndafræði á að fylla þetta pláss er rétt að hefjast. Hún snýst um hvernig samfélag verður hér á næstu árum.

Það eru mörg grundvallarmál útkljáð. Hvernig á til dæmis að háttta umgengninni við náttúruauðlindir landsins, við fiskinn í sjónum, fallvötnin, og orkuna sem er undir yfirborðinu?

Á að bora og byggja virkjanir og framleiða eins fljótt og mögulegt er gnótt rafmagns til að vinna landið út úr kreppunni? Og ef svo, í hvað á að nota orkuna? Álframleiðsla og aðra stóriðju, gagnaver, samgöngur? Eða á að friða ár og fossa og háhitasvæðin í óbyggðum og finna aðrar leiðir til að skapa nauðsynleg verðmæti?

Ríkisstjórn Samfylkingar og VG hefur boðað uppstokkun á kvótakerfinu. Hvernig það verður gert veit enginn. Og annar stjórnarflokkanna vill í Evrópusambandið, hinn ekki. Það er ekki skýr framtíðarsýn í boði á Íslandi þessa dagana. Hér eru margir lausir endar. Andrúmsloftið einkennist af óvissu og efa.

Vendingar á ritstjórn Morgunblaðsins, elsta dagblaði landsins, verða að skoðast í þessu ljósi. Þær eru klárlega hluti af þeirri valdabaráttu sem er fram undan og snýst um hvernig samfélag rís upp úr ösku hrunsins.

Það var fyrirséð að sú barátta yrði háð á mörgum vígstöðvum. Þar á meðal á fjölmiðlunum, sem í augum sumra eru fyrst og fremst valdataeki.

Í þessu samhengi er athyglisvert að bera saman í hvaða áttir tvö stærstu blöð landsins eru að þróast. Morgunblaðið hefur misst ritstjóra sinn vegna þess að skoðanir hans fóru ekki saman við skoðanir einstaklinga í eigendahópi blaðsins. Í sumar fóru aðstandendur Fréttablaðsins hins vegar þá leið að opna forystugreinaplássíð á skoðanasíðu blaðsins fyrir völdum hópi utanhússpenna. Tilgangurinn var tvíþættur, að hnykkja á þeirri yfirlýstu ritstjórnarstefnu að Fréttablaðið hefur ekki skoðun en þó öllu frekar að leitast við að endurspegla sem fjölbreyttust sjónarmið í þjóðmálaumræðunni. Með þeim hætti væri lesendum best þjónað við að móta sína eigin skoðun á málefnum líðandi stundar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edvald
RITSTJÓRI: Jón Kaldal j@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

BONUS BONUS BONUS

**KS Frosin innmatur
Hjörtu og lifur**

198.-

198 KR.KG HAUSTSLÁTRUN 2009

BONUS BÝÐUR BETUR

VISA

FRÁ DEGI TIL DAGS

Bara einhvern talsmann

Fréttastofa Rúv flutti framhald á frétt Fréttablaðsins í gær, en þar var fjallað um vilja stjórnvalda til að færa öll húsnæðislán til Íbúðalánasjóðs. Rúv ákvað að ræða við hlutaðeigandi málsaðila, sem af einhverjum ástæðum var Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda.

Nú hefur sú stofnun staðið sig hið ágætasta, einhver hefði þó



frekar rætt við fulltrúa Íbúðalánasjóðs um hvort sjóðurinn réði við að taka við lánunum. Tja, eða þá ráðherra um hvort hugað

væri að öllum þáttum málsins. En ekki talsmann neytenda; ekki frekar en talsmann Feministafélagsins; jafnagætt og það embætti er.

Aftur og nýbúinn

Undanfarið hefur þeim fréttum farið fjölgandi þar sem fasteignasalar ræða um hve viðskiptin hafa aukist mikið upp á síðkastið. Það sé augljós vísending um að fasteignamarkaðurinn sé á uppleið.

Einhvern veginn verður manni hugsað til góðærisins, þegar hver blaðamaður á fætur öðrum át upp sölu-ræður fasteignasala án þess að hafa fyrir því að skoða stóru myndina. Hafa menn ekkert lært á því?

Alltaf meðmæli

Í fljótlegri yfirferð yfir víðfeðmar lendur bókaútgáfu má finna fjórar bækur sem Andri Snær Magnason kemur að, þó án þess að rita þær. Hann skrifar formála að bókunum Mannlaus veröld og Blómalandið og mælir með bókinni Árin sem enginn man eftir. Slíkt hið sama gerði hann við bókina Tvískinnu í fyrra.



Andri er tengdur andstöðu gegn virkjunum órjúfanlegum böndum, en andstæðingar andstæðinganna hafa oftar en ekki talað um atvinnuótmælendur í þeim hópi. Svo virðist sem Andri Snær sé orðinn atvinnumeðmælandi.

kolbeinn@frettabladid.is

Atvinnuleysisvandinn

Það dylst engum að ástandið í íslensku efnahagslífi er ekki gott í kjölfar þess að hið mikla krosstengslaveldi útrásarvíkinganna hrundi eins og spilaborg. Margir hafa tapað miklu en fáir meira en erlendir lánveitendur bankanna og íslensku fyrirtækjanna sem þóttu vera að gera það gott í útlöndum. Hér á Íslandi hefur hrunið einkum haft áhrif á tvennt: Annars vegar hækkandi verðbólgu og hins vegar auknið atvinnuleysi. Gengishrun krónunnar hefur á hinn bóginn verið stöðvað með upptöku gjaldeyrishafta en ekki sér fyrir endann á því hversu lengi þau verða í gildi. Gengisvandann hefur verið slegið á frest í bili, en Íslendingar þurfa að aðlagast nýrri stöðu þar sem innfluttur varningur mun verða frekar dýr um nokkurt skeið.

Hækkandi verðbólga er vissulega ótíðindi og hún hefur m.a. haft í för með sér hækkun vísitölutryggðra lána. Á hinn bóginn er ekki einleikið hversu mikið vægi þessi þáttur hefur fengið í allri fjölmiðlaumfjöllun um efnahagsástandið. Gefið er í skyn að „vandi heimilanna“ felist einkum í verðbólgu og hækkun neyslulána. Á hinn bóginn er það ekki nema hálf sagan því að það blasir við að stærsti vandinn er á þeim heimilum þar sem önnur fyrirvinnan eða báðar hafa misst vinnuna. Samt hafa engin hagsmunasamtök tekið baráttuna gegn atvinnuleysi upp sem mikilvæga kröfu og tillögur stjórnarandstöðunnar í efnahagsmálum virðast einkum hafa það að markmiði að auka atvinnuleysið með fjölda-upsögnum ríkisstarfsmanna.

Sannleikurinn er hins vegar sá að verðbólga á Íslandi hefur oft verið meiri. Verðtrygging lána gerir það vissulega



SVERRIR JAKOBSSON
Í DAG | Atvinnuleysi

að verkum að kostnaðurinn af verðbólgunni fellur á skuldara. En verðbólgan sem slík er þó ekki meiri en svo að hún er ekki næg skýring á því að margir telja sig hafa um sárt að binda vegna skuldastöðu sinnar. Meginástæða er þess er gríðarleg skuldasöfnun heimilanna á góðæristímanum. Verulegur hluti af þeim vanda er skuldsetning vegna hárra húsnæðislána sem urðu til vegna húsnæðisbólunnar 2004-2007. Hún var annars vegar framkölluð vegna óábyrgra kosningalof-órða Framsóknarflokksins um hækkun hlutfalls húsnæðislána og hins vegar vegna samkeppni bankanna við Íbúðalánasjóð til þess að knýja á einkavæðingu hans. Þessi vandi er pólitískur vegna þess að hann var að hluta til framkallaður af stjórnmálamönnum á atkvæðavæðum og trú fyrirtækja á að frjálsbyggjukreddur yrðu áfram hafðar að leiðarljósi við stjórn ríkisins. Á hinn bóginn offjárfestu margir í húsnæði og í bílum í blindri trú á að hér yrði áfram góðæri með hækkandi tekjum og ekkert stopp. Vandi þeirra sem það gerðu verður að teljast einstaklingsbundinn og lýsingar á bágun högum þeirra sem sýndu mesta ábyrgðarleysið eru ekki endilega til þess fallnar að vekja samúð.

Í samanburði við þessa hækk-

un verðbólgu – sem er vissulega alvörumál en þó ekki söguleg stórtíðindi – er mun alvarlegra mál að atvinnuleysi í landinu sé að nálgast tveggja stafa tölu. Ef eitthvað mun leiða til fólksflótta þá er það þessi staðreynd en ekki verðtrygging, gengistrygging eða eitthvað annað. Heimili með margar fyrirvinnur getur tekið á sig versnandi fjárhagsstöðu vegna verðbólgu en ef önnur eða báðar missa vinnuna þá er svigrúm þess horfið og ekkert blasir við nema gjaldþrot. Hérna er kominn hinn raunverulegi vandi heimilanna á Íslandi og hann felst í því að þúsundir manna hafa misst vinnuna á undanförunum misserum.

Þessi atvinnuleysisvandi er stærsta vandamálið í íslensku efnahagslífi þessa stundina en það birtist svo sannarlega ekki í fjölda dálksentímetra í blöðunum. Atvinnuleysið er fillinn í borðstofunni sem enginn talar um. Að hluta til eru ástæður þess pólitískar. Gagnrýnendur núverandi ríkisstjórnar hafa ekki sett fram trúverðuga stefnu til að draga úr atvinnuleysi og ekki heldur samtök atvinnurekenda – sem enn einblína á dýrar patentlausnir í atvinnumálum. Verkalyðshreyfingin er sinnulaus og talar máli atvinnurekenda eins og oft áður. Ríkisstjórnin hefur því ekkert aðhald í þessu máli frá stjórnarandstöðunni. Hún hefur það ekki heldur frá aðilum vinnumarkaðarins. Fjórða valdið, fjölmiðlarnir, er stikkfírr og hefur vanrækt að setja atvinnuleysi á dagskrá. En ef það er eitthvert málefni sem kallar á þjóðaráttak núna þá er það baráttan við atvinnuleysið. Markmiðið á að vera að tryggja fulla vinnu á næstu mánuðum. Þá fyrst verður hægt að tala um að kreppan sé í rénun.

Séreignarsparnaður – húsnæðislán

UMRÆÐAN

Már Wolfgang Mixa skrifar um skuldavanda heimilanna



MÁR WOLFGANG MIXA

Fjárfestingar séreignarsparnaðar mega vera í hlutabréfum, skuldabréfum og bundnum innlánum. Þetta var sjálfsagt á meðan allt lék í lyndi, flestir sem spörðu með þessum hætti voru að auka líkur á áhyggjulausum ævídögum síðar meir. Sparnaðurinn hefur verið laus til útborgunar frá 60 ára aldri nema þegar um örorku eða andlát er að ræða. Ég vil að boðið verði upp á fjórðu leiðina. Hún felur í sér að fólk geti fjárfest í sínu eigin húsnæði með niðurgreiðslu skulda.

Slíkt væri hægt með tvennum hætti. Fólk gæti notað sparnað sinn ótakmarkað til að greiða inn á lán sín eða til greiðslu á vöxtum og afborgun-

um af fasteign sinni. Þetta myndi hjálpa mörgum við að létta á greiðslubyrði sinni og þar sem útborgunin er skattskyld fengi ríkissjóður peninga í kassann.

Þegar upphafleg umræða um heimild til útgreiðslu átti sér stað, að hámarki samtals milljón krónur, var gert ráð fyrir að tvöfalt hærri upphæð færi í greiðslur úr séreignarsjóðum en raunin hefur orðið. Rök um að rýmkun til útborgunar leiði til þess að séreignarsjóðir þurfi að selja eignir í stórum stíl og mynda neikvæðan söluþrýsting eru því ómarktæk. Kínámúrar fjármála-stofnana eiga auk þess að tryggja að kröfuhafar geti ekki þrýst á skuldara að ganga á lífeyrissér-eign sína.

Þetta minnkar skuldsetningu heimilanna og gæti verið mótvægi við núverandi stöðnun í efnahagslífi þjóðarinnar. Hvati til sparnaðar eykst einnig því með þessu er tryggt að þeir sem sýnt hafa fyrirhyggju í sparnaði og kjósa að minnka húsnæðisskuldir sínar fái að njóta þess í dag þegar að þörfin er mest.

Höfundur er fjármálafræðingur.



Á RÁS FYRIR GREINÁS er söfnunaráttak fyrir endurhæfingardeild Landspítalans. Ríkissjónvarpið verður með dagskrá tileinkaða söfnuninni næsta föstudagskvöld klukkan 19.35. Fjöldi gesta kemur fram, tónlistarmenn og aðrir skemmtikraftar. Umsjónarmenn eru Eva María Jónsdóttir og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÞALLT

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

Reiki

Heilunar- og sjálfsstyrkingarnámskeið RVK

FYRIR BÆTTA LÍÐAN OG BETRI STJÓRN Á LÍFI ÞÍNU

Kvöld- og helgarnámskeið í boði, næstu námskeið eru:

I. stig helgarnámskeið
26.-27. september

II. stig kvöldnámskeið
13.-15. október

Auktu styrk þinn
framhaldsnámskeið í sjálfsstyrkingu
17.-18. okt. helgarnámskeið
verður fylgt eftir með mánaðarlegum tímum.



Guðrún Óladóttir
reikimeistari og hómópati
Pantanir í síma 553 3934,
milli kl. 10 og 13 virka daga.
Pantanir óskast staðfestar.

Dr Hauschka snyrtinámskeið fyrir konur 40+

Styrking á starfsemi húðarinnar með náttúrulegum jurtablöndum. Farið verður í umhirðu húðarinnar fyrir þroskaða húð (40+) og hvað gera skuli fyrir hverja árstíð og hvernig hægt sé að undirbúa húðina með sérstökum jurtum sem styrkja vefi hennar og stuðla þannig að heilbrigðu útliti.

Meðan á námskeiðinu stendur verður veittur 15% afsláttur af Dr Hauschka snyrtivörum og 10% afsláttur af öðrum vörum.

Leiðbeinandi: Jóhanna Benediktsdóttir
Aðgangur er ókeypis.

Námskeiðið verður haldið í Yggdrasil **fimmtudaginn 24. september** kl. 20:00 – 21:30. Upplýsingar og skráning eru á netfanginu yggdrasill@yggdrasill.is eða í síma 562 4082.



Yggdrasil

Skólavörðustíg 16 · 101 Reykjavík



Hanna segist hafa fengið misjöfn viðbrögð þegar hún gerðist grænmetisæta. „Flestir voru jákvæðir, enda voru margir í kringum mig í svipuðum hugleiðingum. Þar á meðal nánustu ættingjar mínir.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ánægð með ákvörðunina

Hanna Guðmundsdóttir hefur verið grænmetisæta í tæp sjö ár. Hún segist síður en svo sjá eftir að hafa breytt um lífsstíl. Ákvörðunin hafi verið af siðferðilegum toga og haft alls kyns jákvæð áhrif á heilsuna.

„Ég reyni nú að borða og hugsa um hvað ég set ofan í mig, pæli í því hvort það sé lífrænt og vistvænt. Ég fór eiginlega að velta þessu fyrir mér eftir að ég gerðist grænmetisæta,“ segir Hanna Guðmundsdóttir, starfsmaður í Heilsuhúsinu, beðin um að lýsa því hvernig hún hugar að heilsunni.

Hanna segist hafa tekið ákvörðun um að gerast grænmetisæta eftir að hafa horft á myndband um slæma meðferð á dýrum. „Í framhaldinu tók ég ákvörðun um að styrkja ekki þennan iðnað með neinu móti.“

Var ekki erfitt að hætta að borða kjöt? „Nei, alls ekki. Ég

ákváð að gefa mér þrjá mánuði í þetta. Ætlaði að byrja á því að taka út svínakjöt og rautt kjöt, hafði reyndar aldrei verið hrifin af svínakjöti. Svo átti fuglakjöt og fiskur að vera næst á dagskrá. En þegar ég byrjaði að elda grænmetisrétti gerðist þetta rosalega hratt. Ætli það hafi ekki liðið fjórar vikur frá því ég tók ákvörðun þar til ég var alfarið hætt.“

Hanna segir þó ígrundaða ákvörðun frumforsendu þess að gerast grænmetisæta. „Ég prófaði þetta til dæmis fyrst átján ára, en það var ekki endilega rétt ástæða. En svo gerði ég þetta af siðferðilegum ástæðum og það breytti öllu.“

Hún segist ekki hafa upplif- að næringarskort eða orkuleysi eftir að hafa hætt neyslu kjöts og fisks gagnstætt því sem stundum er haldið fram. „Ég hafði heyrt sagnir um það. En það er ekkert í kjöti og fiski sem ekki er hægt að fá úr jurtaríkinu, eins og til dæmis prótín.“ Þá segir hún til- tölulega auðvelt að versla í mat- inn. „Tofu fæst til dæmis hér um bil alls staðar. Svo er hægt að fá góða grænmetisrétti á mörgum veitingastöðum.“

Þannig að þú freistast aldrei til að bragða á kjöti? „Nei, enda lít ég ekki lengur á það sem mat,“ segir hún ákveðin.

roald@frettabladid.is

DEKK

-15%

AFSLÁTTUR

Sýndu fyrirhyggju

Á hverju hausti lenda þúsundir Íslendinga í að þurfa að bíða í röð fyrir framan dekkjaverkstæði. Sýndu fyrirhyggju og fáðu um leið **15% afslátt** af heilsársdekkjum.

SMURVINNA
15% afsláttur af vinnu við smur!

BÓN OG ÞVOTTUR
Alþrif og teflonbón á tilboðsverði!

BÍLKÓ

olís

Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110



STAFGANGA Í LAUGARDAL

Stafgöngunámskeið hefst 29. September n.k.

BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.

SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is

GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgöngugjálfi, sími: 616 85 95.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgöngugjálfi, sími: 694 35 71.

ÁHRIFARÍK LEIÐ
TIL LÍKAMSRÆKTAR

FLOTT Í VETUR...

með Slendertone

NYTT

dömu/herra belti
 Flex kr. 22.900,-
 Flex Max kr. 27.900,-
 System kr. 33.900,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
 Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Matargerð með ástúð og virðingu

Krúska er matstofa og verslun.

Í Krúsku er lögð áhersla á holla og vandaða matargerð. Úrval af ferskum, framtíð réttum og lífrænum vörum.

Verið velkomin!

KRÚSKA

VIÐ ELDUM FYRIR ÞIG

KRÚSKA • Suðurlandsbraut 12 • 108 Reykjavík • Sími: 557-5880 • www.kruska.is

AFS á Íslandi

Hittu heiminn með AFS

AFS skiptinemasamtökin munu vera með opið hús á morgun, miðvikudag, kl. 17-19 í húsakynnum samtakanna að Ingólfsstræti 3, Reykjavík.

Allir þeir sem vilja forvitnast um skiptinemasamtökin eða starf okkar almennt eru hvattir til að kíkja við og kynna sér það sem við höfum uppá að bjóða.

AFS á Íslandi • Sími 552 5450 • www.afs.is

VÍSIR.IS

“...ég sá það á vísi”

Geirvörtur kvenna útbúnar á Landspítalanum

Konur sem þurftu að fara í stórar skurðaðgerðir vegna brjóstakrabbá gátu lengi vel ekki fengið útbúnar vörtubauga á brjóst nema utan heilbrigðiskerfisins. Þetta er verið að bæta .

Íslendingar eiga mikið af góðu fólki sem er tilbúið að láta gott af sér leiða og lætur ekki niðurskurð í heilbrigðiskerfinu koma í veg fyrir að frekari framfarir verði á þjónustu við sjúklinga. Þær Guðrún Sigurjónsdóttir hjá samtökunum Samhjálp kvenna og Rannveig Lund hjá samtökunum Bættum brjóst eru meðal þess fólks.

Þessi tvenn samtök vinna bæði að því að bæta lífsgæði kvenna sem greinst hafa með brjóstakrabbamein. Fyrir skömmu tóku meðlimir þessara samtaka höndum saman og söfnuðu fyrir tæki sem notað er til að útbúa húðflúr sem líkist geirvörtu að lit og lögun á brjóst sem hefur verið byggt upp eftir skurðaðgerð. Guðrún segir að full lækning sé ekki fengin fyrr en geirvartan sé tilbúin.

Báðar segjast þær hafa litið á það sem skyldu sína að vinna að málefni kvenna sem greinst hafa með krabbamein. Þannig kviknaði áhugi Rannveigar í fyrra eftir að dóttir hennar um þrítugt greindist með brjóstakrabbamein en Guðrún hóf sitt starf fyrir um 20 árum síðan eða eftir að hún hafði sjálf náð sér af brjóstakrabbameini.


„Fyrst í stað snerust samtökin fyrst og fremst um andlegan stuðning við konur sem greinst höfðu með krabbamein, svo var einnig veitt aðstoð með ýmsi praktísk mál þessu tengdu til dæmis val á gervi-brjóstum og brjóstahöldum. Til viðbótar við þessa þjónustu hafa samtökin unnið að forvörnum og fræðslu sem draga megir sem mest úr þeim usla sem krabbameinið veldur í lífi fólks og styrkja rannsóknarstarf,“ segir Guðrún um starf Samhjálp kvenna. „Við viljum að dætur okkar fái betri þjónustu en við fengum og allra helst að lausn finnist á þeirri gátu sem brjóstakrabbamein er,“ bætir hún við.

Rannveig segir að söfnun fyrir þessu tæki hafi verið sín leið til að þakka fyrir sig og dóttur sína. Það sé mikið áfall fyrir unga konu að fá krabbamein og láta skera í burt jafn mikilvægan hluta líkamans og brjóst er fyrir konur. „Hún er samt mjög stolt af sínu nýja



Þær Rannveig og Guðrún koma hvor frá sínum samtökunum, þær eiga það þó sameiginlegt að standa sama í baráttu sinni fyrir bættri þjónustu við konur sem greinst með brjóstakrabbamein þótt skorið sé niður í kerfinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Þessi kona hafði orðið að gangast undir brotttnám á báðum brjóstum vegna krabbameins, læknað byggðu því næst aftur upp brjóst hennar og tattúveruðu geirvörtu á sinn stað með sams konar tæki og nú hefur verið keypt.

MYND/KRISTJÁN SKÚLI ÁSGEIRSSON

brjosti,“ bætir hún við. Síðustu ár hefur læknum farið fram við að byggja upp ný brjóst fyrir konur eftir að þær hafa farið í aðgerð en þær hafa svo þurft að leita til aðila utan heilbrigðiskerfisins til að fá vörtubauginn á brjostið.

„Það er fínt að fara til tattúmeistara langi mann í dreka eins og Lisbeth Salander. En vilji maður fá lit á geirvörtuna eftir aðgerð

tel ég æskilegast að sú þjónusta sé niðurgreidd af heilbrigðiskerfinu og fari fram innan þess,“ útskýrir Guðrún. Við þetta bætir Rannveig að þær séu hvergi nærri hætta að vinna að því að bæta heilbrigðisþjónustuna. Næg verkefni séu fyrir hendi og þótt niðurskurður sé hjá hinu opinbera þá þurfi það ekki að koma í veg fyrir framfarir.

karen@frettabaldid.is



Létt fylltur og flottur í BC skálum á kr. **3.950,-** boxer buxur í stíl á kr. **1.950,-**



Léttfylltur blúnduhaldari í BC skálum á kr. **3.950,-** boxer buxur í stíl á kr. **1.950,-**

MISTY

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
 Laugavegi 178, 105 R
 sími 551-3366 - www.misty.is
 opið mán-fös 10-18, lau 10-14

MaxMara **HÆTTIR**

LOKA-SALA

17.-27. september

ALLT Á AÐ SELJAST

MaxMara

HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862

Auglýsingasími

512 50 50

~ Mest lesið

ÞALTT SEM ÞIG VANTAR

Smáauglýsingasíminn
er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

TILBOÐSDAGAR á VESPUM verð frá 195.000 k. með skráningu full búð af frábærum og góðum Vespum sjáð flейri tegundir á www.sportx.is

Sport-X
Draupnisgötu 7, 600 Akureyri
Sími: 5642323 / 8976040
Verzlun og viðgerðapjónusta á staðnum
www.sportx.is

VERÐ 290 þ.
FORD F150 árg. 1993, ek. 78þ. mílur, 2 dyra, 3 manna, 5.0L V8. Sjálfskiptur, ljótur en góður. Finn fyrir velsleðann eða fjórhjólíð Arnarbílar. Malarhöfða 2. S: 567 2700.

Arnarbílar ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilur.is

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

BENZ R350 4MATIC, árg. 2006, ek.42þús.km., 268 hö, leður, lúga, rafmagn. Stór glæsilegur og vel búinn bíll !! Ásett verð 5490þús.kr. Tilboðsverð 4590þús.kr. áhv. 3500 þús.kr!

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Audi A6 '01 2.5 tdi QATTRO (132KW). V. 1660p. eða yfirtaka. Diesel. S. 893 3026.

Suzuki Quadracr LTR 450 2008 Special Editio, fæst á aðeins 999.000 kr. Staðgreitt Ek. aðeins í 30 klst. Geggjað skemmtillegt Hjól 868-6951 / 897-6040.

Við stórlækkum
sölu-kostnað!
Skráðu bílinn hjá
okkur - **fritt!**

NETBÍLAR
www.netbilar.is

Viltu skipta, kaupa eða selja ?

Netbilar.is bjóða þér uppá eitt mesta úrval landins og stórlækkaðan sölu-kostnað. Kynntur þér málið Netbilar.is Hliðasmára 2 s: 588-5300

Dodge Grand Caravan árg.'97. Ek 98 þ. km. Ný skipting. 7 manna. Góður bíll. Verð 450 þ. Uppl. í s. 659 3459.

VW Passat árg. '04 nýsk til sölu gegn yfirtöku, 100% lán. Uppl. í s. 696 7069.

VW Passat árg. '04 nýsk til sölu gegn yfirtöku, 100% lán. Uppl. í s. 696 7069.

0-250 þús.

!! tilboð 240þús !!
Daewoo Nubira árg. '99, ekinn aðeins 138þús. ný skoðaður fyrir 2010 án ath. bsk. dráttarkrókur, finn bíll, tilboðsverð 240 þús. Allar uppl. í s: 659-9696.

ÓDÝR SPARIBAUKUR!!!
Mazda 323 1,3 '97 ek.135 þús.skoðaður 2010,eyðir mjög litluverð 240 þús. s.841 8955.

Sjálfskiptur! verð 250 þús!!!
Honda accord 2.0 '97,sjálfskiptur, ek.210 þús. skoðaður 2010, toppluga, rafmagn í rúðum, ofl.verð 250 þús. s. 841 8955.

Renault megane RT classic ,97 ek. 108 þús. ný sumar og vetrar dekk, nýtt púst, nýjar bremsur. bíll í topp standi. V. 200-250 þús. S. 847 3434.

Tilboð 155 þúsund
Skoda Felicia station árg. '00 ek. 100þ. Litur vel út. V. 155 þúsund. S. 891 9847.

250-499 þús.

!! 5 manna Kangoo !!
Renault Kangoo árg. '00, ekinn 156þús. ný skoðaður, 5 manna, bsk. dráttar-krókur, verð aðeins 340 þús. Allar uppl. í s: 659-9696.

Toyota á 249.000-
Toyota Corolla G6 árg. 98 ekinn 196 þ. km 6 gíra 1.3 vél skoðaður 2010 ný kupling ný smurður verð 249.000- stgr. uppl. í síma 861-7600.

Bílar óskast

Óska eftir bíl, 30-120 þús. Ekki eldri en '98, má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 868 8565.

Óska e.að kaupa til niðurrífs gamla Peugeot, Daewoo og Merced.Benz bíla. Nánari uppl.í s. 661 2222.

!!! Vantar bíl !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200 þús. stgr. Má þarfnast lagfæringar eða skoðunnar. S. 659 9696.

Skoðaður bíll óskast
Fyrir allt að 150 þús. stgr. Uppl. í s. 894 9002.

Vantar ódýrann
Vantar bíl á verðbilinu 20-120 þús. allar tegundir koma til greina. Má þarfnast lagf. S. 857 9326.

Óska eftir smábíl. 100-350 þús. Ekki eldri en '00. Helst sk. '10 S. 896 4661.

Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutapjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Nissan Terrano '96 ek. 198 þús., nýl. v.d., 1 eig. V. 390 þús. Eðalvagn. S. 895 2359.

Pallbílar

Pallhús á Isuzu CrewCab DoubleCab 98-02 í RVK, fæst á lítið s. 847 2003.

Vörubílar

Forþjoppur, varahlutir, viðgerðarpjónusta. Eignum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

Fellihýsi

ER með upphitað geymsluhúsnæði fyrir Fellihýsi-tjaldvagna-hjólhýsi-pallhýsi S: 867 1282.

Vinnuvélar

Höfum mikið úrval af dælum

Ráðgjf !!! Salu !!! Þjónusta

Ör Ársæls 896 3016
Gunnar 864 6799

KRAFTVÉLAR
Dálveg 6-8 III 201 Köpavog

Atlið
Þrif & Viðhald

Hreingerningar • Flutningsþrif
Gólfþóun • Teppahreinsun
• Húsgagnahreinsun •

Sími: 662 0 662

Vy-þrif ehf.
Öll almenn þrif, regluleg ræsting sameigna. Verðtilboð. Sími 512 4010. www.vy.is

Garðyrkja

Alhliða garðapjónusta

20% afsláttur af heillum og hellulögnum, þöskulögnum og klippingum.

Garðapjónusta Islands ehf

Vönduð vinnubrögð!

Hjörleifur s. 844 6547
Róbert s. 866 9767

Bátar

Íslensk trébátasmíði, námskeið. Óska eftir trébátasmíði til að kenna á námskeiði í Íslenskri trébátasmíði ef aðstaða og næg þátttaka fæst. S. 899 2182 eða vidfang@simnet.is

Varahlutir

Er að rífa Toyota Yaris '00, Corollu Hatchback '96, Escord '98. Accent árg. '95. Impreza árg. '99. Almera '98. Kaupi bíla til niðurrífs. S. 896 8568.

Bilapartar ehf S. 587 7659.

Eignum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

555 6666

VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avenis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugeot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrífs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bílllutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eignum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrífs.

Er að rífa Musso 96-04. Musso Sport 04. Isuzu Trooper 99. Landrover Discovery 98. Lanos 00-02. Nubira 02. Galloper 00.Cherokee 94. Ford 250 04.Toy Double Cap 94. Korando 98 Kaupum bíla til niðurrífs. Musso varahlutir Kaplahrauni 9. S. 864 0984.

VW, Skoda S. 534 1045

Varahlutir í VW og Skoda bíla. Kaupum bíla til niðurrífs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hj.

Eignum notaða varahluti og dekk í tugi bíltegunda. Sími: 567 6700 (varahlutaverslun), Vakabílar.is

www.netpartar.is
Bílapartasala

Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

Þjónusta

Hreingerningar

Vy-þrif ehf.

Öll almenn þrif, regluleg ræsting sameigna. Verðtilboð. Sími 512 4010. www.vy.is

www.netpartar.is
Bílapartasala

Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

Þjónusta

Hreingerningar

Vy-þrif ehf.

Öll almenn þrif, regluleg ræsting sameigna. Verðtilboð. Sími 512 4010. www.vy.is

Garðyrkja

Alhliða garðapjónusta

20% afsláttur af heillum og hellulögnum, þöskulögnum og klippingum.

Garðapjónusta Islands ehf

Vönduð vinnubrögð!

Hjörleifur s. 844 6547
Róbert s. 866 9767

Gröfupjónusta Auberts.

12.00 Sagnfræðingafélag Íslands heldur málfundinn „Hugvísindi á krepputímum“ með þáttöku menntamálaráðherra, Viðars Hreinssonar og Írisar Ellenberger. Nánari upplýsingar www.sagnfræðingafelag.net. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

→ Námskeið

20.15 Námskeiðið „Sögu- leg skrif fyrir almenning“ hjá Endurmenntun HÍ hefst í kvöld. Leiðbeinandi er Illugi Jökulsson. Námskeiðið er öllum opið og fer fram að Dunhaga 7. Nánari upplýsingar á www.endurmenntun.is.

→ Kvikmyndir

Kvikmyndavika tengd kreppu, kakki og kvótabraski hjá Kvikmyndasafninu til 26. sept. Sýningar fara fram í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is.

20.00 Sýnd verður kvikmynd Ásdísar Thoroddsen „Ingóló“ frá árinu 1993. Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

Þriðjudagur, 22. september

Tuesday, September 22nd

Reykjavík International Film Festival

Sep 17—27 2009

13:00	Vinnukonan	• Hellubíó
14:00	Barnastuttmyndir	• Norræna húsið
	Íslenskar stuttmyndir 1	• Hafnarhúsið
16:00	Byltingarstúlkán, Louise Michel	• lónó
	Ríki bróðirinn	• Norræna húsið
	Bjarnargreiði	• Hafnarhúsið
16:40	Ég drap mömmu	• Háskólabíó 3
17:00	Eamon	• Háskólabíó 2
18:00	Kæri Zachary	• Háskólabíó 1
	Dansandi skógur	• lónó
	Gleymd	• Norræna húsið
	Antoine	• Hafnarhúsið
	Óumbúin rúm	• Hellubíó
	Ætti ég virkilega?	• Háskólabíó 3
	Stöðlið: Manifestó rímixarans	• Háskólabíó 4
	Hádegisverður um miðjan ágúst	• Háskólabíó 2
	Börnin í eldinum	• Háskólabíó 1
	Blessun	• lónó
	Fæddur handalaus	• Norræna húsið
20:40	Bráðna / Dularöfl Snæfellsjökuls	• Hafnarhúsið
21:00	Ameríski geimfarinn	• Háskólabíó 3
	Bilabíó - Með allt á hreinu	• Háskólabíó 4
22:00	Tónlistarstuttmyndir	• Háskólabíó 2
	Skjannabirta: Þegar andi og efni mætast	• Háskólabíó 1
	Önnur reikistjarna	• lónó
	Mennirnir á brúnni	• Norræna húsið
22:20	Aðdaendur kúrekasýningarinnar	• Háskólabíó 3
22:40	Sori í bráðinu	• Háskólabíó 4
	Galopin augu	• Hellubíó
		• Háskólabíó 1
		• Háskólabíó 2

Slökkviliðsveislan í Háskólabíó

Q&A með Milos Forman kl. 18:40

Slökkviliðsstjórinn er að hætta, 86 ára gamall og veikur af krabbameini. Til heiðurs honum slá slökkviliðsmennirnir upp mikilli veislu. Öllum bænum er boðið en hlutirnir fara fljótt úr böndunum. Þetta var síðasta mynd Formans í hans gamla heimalandi, Tékkóslóvakíu.

Iceland Express

POSTURINN

GAMLA HÓTEL



Atlantsolíudagur



Í dag veitir dælulykill Atlantsolíu 5 króna afslátt fram til miðnættis. Lykillinn er ókeypis. Aukaafsláttur dagsins bætist ekki ofan á önnur afsláttarkjör.

Fáðu þér dælulykil á www.atlantsolia.is



ATLANTSOLIA

Atlantsolia - Lónsbraut 2 220 Hafnarfirði - Sími 591 3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

> Lið 21. umferðarinnar

Fréttablaðið hefur valið lið 21. umferðar í Pepsi-deild karla. Það er skipað eftirtöldum leikmönnum: **Mark-vörður:** Gunnar Sigurðsson (FH). **Vörn:** Árni Kristinn Gunnarsson (Breiðablik), Dennis Siim (FH), Tommy Nielsen (FH) og Jón Guðni Fjóluson (Fram, á mynd). **Miðja:** Hólmur Örn Rúnarsson (Keflavík), Bjarni Guðjónsson (KR), Ólafur Ingi Stígsson (Fylki) og Óskar Örn Hauksson (KR). **Sókn:** Atli Guðnason (FH) og Guðmundur Pétursson (Breiðablik).

sport
sport@frettabladid.is

**ÓSKAR ÖRN HAUSSON: LEIKMAÐUR 21. UMFERÐAR PEPSI-DEILDAR KARLA**

Vel hægt að velta FH-ingum af stallinum

Óskar Örn Hauksson er leikmaður 21. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann skoraði þrennu í ótrúlegum 7-3 sigri KR á Stjörnunni á sunnudaginn er næstíðasta umferð tímabilsins í Pepsi-deild karla fór fram. Á sama tíma vann FH sigur á Val og tryggði sér þar með Íslandsmeistaratitilinn.

KR var eina liðið sem átti enn möguleika á að ná FH að stigum fyrir umferðina á sunnudaginn. En Óskar sagði að KR-ingar hafi ekki verið að gæla við það að neinu ráði.

„Ég get ekki sagt það. Ég átti ekki von á því að FH myndi tapa þessum tveimur leikjum sem liðið átti eftir – þó svo að þeir hafi verið gegn sterkum liðum,“ sagði Óskar en FH mætir Fylki í Árbænum í lokaumferðinni á laugardag. „Enda töpuðum við titlinum á sunnudaginn,“ bætti hann við.

Leikurinn gegn Stjörnunni var skrautlegur sem fyrr segir. Staðan var 3-0 í hálfleik, KR í vil, en leikmenn skoruðu fimm mörk á aðeins níu mínútna kafla í upphafi síðari hálfleiks.

„Þetta var mjög sérkennilegt. Liðin máttu

varla komast í sókn án þess að skora. Ég man ekki eftir því að hafa lent í öðru eins enda ekki á hverjum degi sem það eru skoruð tíu mörk í einum leik.“

Ef KR vinnur Val í lokaumferðinni á laugardaginn fær liðið 48 stig – einu meira en FH fékk í fyrra þegar liðið varð fyrsti Íslandsmeistarinn eftir tólf liða deild. „Sjálfsgagt hefði þetta dugað í efsta sætið einhvern tímann,“ sagði Óskar. „En við verðum að una sáttir við okkar úr því sem komið er.“

FH varð um helgina Íslandsmeistari í fimmta sinn á sex árum en þrátt fyrir þessa yfirburði segir Óskar vel mögulegt að velta FH af stallinum.

„FH verður án efa sigurstrangleg á næsta ári alveg eins og á undanförnum árum. Það er okkar hinna liðanna að velta þeim úr sessi og er það vel hægt. Mér fannst stundum að önnur lið hafi talið FH betra en það í raun og veru er. FH er vissulega með afar sterkt lið en það er vel hægt að vinna það eins og við syndum í Kaplakrika í sumar. FH-ingar eiga alla þá virðingu skilið sem þeim hefur verið sýnd enda árangur liðsins það góður. En það er svo okkar að gera betur en þeir.“



FIMM MÖRK Guðmundur Benediktsson fagnar marki í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðmundur Benediktsson: Veit ekki hvort ég skoraði

FÓTBOLTI Guðmundur Benediktsson fær skráð á sig fyrsta mark KR í 7-3 leik á móti Stjörnunni í Pepsi-deildinni á sunnudaginn en það mun líklega aldrei verða full-sannað hvort hann eigi markið.

„Ég ætla bara að vera alveg hreinskilinn. Ég er ekki viss hvort boltinn hafi farið í mig eða ekki og hef bara ekki hugmynd um það,“ sagði KR-ingurinn Guðmundur Benediktsson spurður hvort hann hafi skorað markið en það var ekki hægt að sjá það fyrir víst á sjónvarpsupptökum. Magnús Þórisson, dómari leiksins, var í bestu aðstöðunni og hann segir að Guðmundur hafi skorað markið.

„Hann ræður víst. Ég kvarta ekkert yfir því að fá þetta mark því þau eru ekki það mörg eftir í manni,“ sagði Guðmundur. - óó

Powerade-bikar karla í kvöld: Karfan af stað

KÖRFUBOLTI Tímabilið í körfunni hefst í kvöld þegar Powerade-bikar karla fer af stað. Njarðvík og Fjölnir mætast þá í Ljónagryfjunni og bikarmeistarar Stjörnnunnar taka á móti Hamar. Leikirnir hefjast klukkan 19.15.

Sigurvegari úr leik Njarðvíkinga og Fjölnis mætir Keflavík en sigurvegari úr hinum leiknum mætir Snæfelli. - óó

Þraukaði í FH og sé ekki eftir því

Atli Guðnason hefur átt frábært tímabil með Íslandsmeisturum FH. Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, veðjaði á Atla þegar hann tók við liðinu og hann hefur heldur betur launað honum traustið.

FÓTBOLTI Það var vel við hæfi að það væri Atli Guðnason sem tryggði FH sinn annan Íslandsmeistaratitil í röð undir stjórn Heimis Guðjónssonar með því að skora bæði mörkin í 2-0 sigri á Val á sunnudaginn. Heimir veðjaði strax á Atla þegar hann tók við FH-liðinu fyrir tveimur árum, Atli átti gott tímabil í fyrra en hefur verið frábær í sumar og hefur því launað Heimi traustið.

Það var enginn Atli Guðnason í FH-liðinu þegar liðið hafði fyrst tækifæri til að tryggja sér titilinn á heimavelli en tapaði 0-3 fyrir Grindavík. Atli er mikilvægur hlekkur í sóknarleiknum en hann hefur komið að 21 marki FH-liðsins í Pepsi-deildinni í sumar. Atli hefur skorað 10 mörk sjálfur, gefið 9 stoðsendingar og fiskað 2 víti sem hafa gefið mörk. Þetta er hans langbesta tímabil en í fyrra kom hann að 11 mörkum FH-liðsins.

Atli hafði komið inn af bekknum í 25 af 30 leikjum sínum undir stjórn Ólafs Jóhannessonar. Atli viðurkennir að hann hafi verið orðinn þreyttur á að biða eftir tækfærinu. „Það var fullt af fólki sem var að ráðleggja mér að fara eitthvað annað og fá að spila. Ég þraukaði í FH og sé ekki eftir því núna,“ segir Atli.

„Þegar Heimir tók við þá vissi ég að ég var að fara að spila því hann var búinn að segja mér það. Hann sagði að hann vildi halda mér en auðvitað væri þetta undir mér komið að sýna að ég ætti að vera í liðinu. Ég tel að ég hafi nýtt það tækifæri nokkuð vel,“ segir Atli og bætti við:

„Maður þarf að spila til að verða betri og það er þessi gullna regla í boltanum. Maður verður ekki betri á því að horfa á fótbolta. Annars væru Íslendingar miklu betri því þeir horfa svo mikið á enska boltann,“ segir Atli í léttum tón.



ATLI GUÐNASON HJÁ FH

Undir stjórn Ólafs Jóhannessonar

Tímabil	2*
Leikir	30 (5 í byrjunarliði)
Mörk +stoðsendingar	4+4
Þáttur í mörkum	9

Undir stjórn Heimis Guðjónssonar

Tímabil	2
Leikir	41 (36 í byrjunarliði)
Mörk +stoðsendingar	14+15
Þáttur í mörkum	32

* Leik einn leik 2004 en var annars í b-deildinni 2004 (með HK) og 2005 (með Fjölni).

Atli segir markmið liðsins hafa verið að verða Íslands- og bikarmeistari en hann vill frekar einblína á að fagna meistaratitlinum en að velta sér upp úr því sem liðið missti af. „Ég var ekki með nein sérstök markmið yfir fjölda marka eða fjölda stoðsendinga. Markmiðið sem menn eiga að setja sér þegar þeir eru í svona góðu liði er að verða meistarar. Það er þá bara aukaatriði hvað þú skorar sjálfur,“ segir Atli.

Atli Guðnason leikur vanalega á vinstri vængnum þrátt fyrir að vera réttfættur. „Minn leikur snýst um það að koma mér í opin svæði og það hentar mér mjög vel þegar ég spila á öfugum kanti að koma inn á völlinn og finna mér svæði þar,“ segir Atli og hrósar mikið

Hirti Loga Valgarðssyni sem leikur jafnan í vinstri bakverðinum. „Ég spila með Loga í bakverðinum og hann er eins og vél sem fer upp og niður kantinn. Það er mjög þægilegt því ég get farið inn og þá kemur hann upp. Það eru ófá mörkin sem við höfum skorað eftir svoleiðis sóknir,“ segir Atli.

Atli segir að styrkur FH-liðsins liggi í gæði æfinganna. „Það mæta allir á æfingarnar til þess að leggja sig fram og við erum með það marga góða leikmenn. Þegar koma tuttugu góðir leikmenn og leggja sig fram þá verður eitthvað úr æfingunum og við verðum betri og betri,“ segir Atli og hann segir harða samkeppnina um sæti í FH-liðinu aðeins hvetja sig áfram.

„Á bekknum í FH-liðinu eru alltaf góðir leikmenn og þá skiptir engu máli hver er inná. Maður þarf ekki annað en að horfa á bekkinn til þess að fá innblástur í að gera betur,“ segir Atli.

Atli ætlar sér að spila áfram í FH næsta sumar, halda áfram að reyna að bæta sig og reyna að vinna tvennuna langþráðu.

„Ég er ekki að fara neitt þó að maður skoði nú allt sem kemur upp. Eins og staðan er í dag þá verð ég bara í FH á næsta ári. Ég er ekki að fara út til þess að fara út. Það verður að vera gott tilboð frá góðu liði þar sem ég get fengið að spila. Fyrsti punkturinn er að fá að spila og peningar og eitthvað annað er

bara aukaatriði,“ segir Atli sem er í kennaranámi.

„Ég ætla að verða stærðfræðikennari. Ég er að klára það núna í vor og svo veit ég ekki hvað gerist eftir það,“ segir Atli en hann er án nokkurs vafa einn af mönnum Íslandsmeistarans 2009.

ooj@frettabladid.is



FRÁBÆR Atli Guðnason er einn af bestu mönnum Pepsi-deildar karla í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Ísland fær tvö sæti í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð:

Íslensk lið náðu betri árangri en norsk

FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Evrópu staðfesti í gær að Ísland væri eina landið af átta sem fær úthlutað tveimur sætum í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð. Er þetta í fyrsta sinn sem Ísland kemst í hóp þessara þjóða og skýtur til að mynda Noregi ref fyrir rass.

„Við vissum að við vorum mjög nálægt þessu en héldum að við værum fyrst og fremst í keppni við Ítalíu,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari.

Þegar árangur félagsliða í Evrópukeppnum undanfarin fimm tímabil er reiknaður kemur í ljós að íslensk félagslið eru í áttunda sæti. Ítölsk lið eru hins vegar í sjöunda sætinu. Noregur hefur verið stórveldi í

kvinnaknattspyrnu undanfarin ár en verður að sætta sig við níunda sætið á listanum.

„Tölfræðin lýgur ekki,“ sagði Sigurður Ragnar. „Og það er bara hún sem ræður.“

Valur hefur þegar tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn og þar með þátttökurétt í Meistaradeildinni. En þrjú

SPENNANDI LOKAUMFERÐ

Fannís Friðriksdóttir og félagar í Breiðabliki mæta GRV á heimavelli í lokaumferðinni en Rakel Hönnudóttir og stóllur hennar í Þór/KA liði KR á útivelli.

lið – Breiðablik, Þór/KA og Stjarnan – eru jöfn í 2.-4. sæti deildarinnar með 36 stig. Ekkert þeirra mætist innbyrðis í lokaumferðinni.

Breiðablik stendur best að vígi hvað markahlutfall varðar en Þór/KA er ekki langt undan. Aðeins munar einu marki og hefur Þór/KA skorað fleiri mörk en Breiðablik. Stjarnan á minnstan möguleika, enda tíu mörkum á eftir Blikum.

„Það er mikið í húfi fyrir þessi lið og þetta setur skemmtilegan svip á lokahluta mótsins,“ bætti Sigurður Ragnar við.

Valur mætir ítalska liðinu Torres Calcio í 32-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í næstu og þar næstu viku. - esá



Taekwondo

Fullorðnir byrjendur: 12.500 kr. önnin
Mánud., þriðjud., fimmtud. kl 19:00 og laugard. kl. 10:30

Börn (8-12 ára): 8.500 kr. önnin
Þriðjud. kl 18:10 og fimmtud. kl 18:00

Æfingar fara fram í ÍR-heimilinu Skógarseli 12
Nánari uppl. í síma 823-4074 og 825-7267 eða á
www.irtaekwondo.net

TÖLVU PAKKI

ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI



AMD TÖLVUPAKKI



- Streamer midi turn
- 2.7Ghz AMD Sempron X140
- 1GB DUAL DDR2 667MHz
- 320GB SATA II WD
- Innbyggt Geforce 6100 skjástýring
- 19" Acer breiðskjár 5ms
- 8xUSB2, SATA II, serial, parallel ofl.
- Windows Vista Home Basic

VERÐ AÐEINS
99.950

COOLER MASTER INTEL LEIKJATURN



Intel LEIKJATURN 3

- Intel Core 2 Duo E7400 örgjörvi
- 4GB DUAL DDR2 800MHz minni
- 640GB SATA2 harðdiskur
- Geforce NX9600GT skjákort
- 22x +/- DVD skrifari
- 10/100/1000 netkort
- Vista Home Basic

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

119.950



msi

MSI Wind U123

- Intel Atom N280 1.66GHz örgjörvi
- GMA 950 skjákort
- 1GB vinnsluminni
- 160GB harður diskur
- 10" WSVGA skjár
- Þráðlaust BGN netkort
- Bluetooth
- Vefmyndavél
- Windows XP Home

67.950



acer

Acer Aspire 5738ZG

- 2.0Ghz Intel Pentium Dual-Core T4200 Centrino Duo örgjörvi
- 3GB DDR2 minni
- 250GB SATA harðdiskur
- 15.6" WXGA CineCrystal skjár
- 512MB ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express skjákort
- Þráðlaust netkort
- Vefmyndavél
- Talnaborð
- Windows Vista Home Premium

127.950



TOSHIBA FARTÖLVA

TOSHIBA

Toshiba L300-25L

- 2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 120GB SATA harðdiskur
- Intel Graphics MA X4500 skjákort
- 15.4" WXGA breiðskjár
- Intel GMA X4500 skjákort
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari
- Windows Vista Home Basic

89.950

22" ACER SKJÁR



Acer V223W

22" breiðtjaldsskjár með 1680x1080 upplausn, 10.000:1 í skerpu og 5 ms viðbragðstími, D-Sub & DVI inngangi.

acer

33.950

FARTÖLVUTASKA



V7-Targus
Taska fyrir 15.6" fartölvur

3.750

HARDDISK FLAKKARI



WD 1TB

WD Elements

1TB flakkari með hjóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.

19.750

MARGMÍÐLUNARSPILARI



United HD MMP 9530

- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 640GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

UNITED
HDMI 720/1080i

27.950

LEIKJAMÚS



Ace Laser Gaming
Sex hnappa laser leikjamús með 1600dpi upplausn.

4.450

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER
• VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

> Catherine Zeta-Jones

„Ég hugsa ekki um heilsuna þegar ég er í ræktinni heldur það sem ég ætla að borða þegar ég er búin.“

Zeta-Jones fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni *No Reservations* sem Stöð 2 Bíó sýnir kl. 10.00 og 18.00.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ **PÁLL BALDVIN BALDVINSSON** DATT ONÁ KANANN Á SUNNUÐAG*Jón, Sigurjón og Pétur Jóhann*

Einhvern tíma í eftirmiðdag á sunnudag fór ég að flandra um fm-ið og hvað barst þá úr hátalaranum annað en drýldinn malandinn í Sigurjóni Kjartanssyni, ég var lentur í Kananum og það var Tvíhöfði. Auðvitað var ég glaður að heyra aftur í þeim ágætu félögum og ekki spillti fyrir að hjá þeim var sá hjartahreini öðlingspiltur og gamansami höfðingi, Pétur Jóhann. Eitthvað voru þeir hrekkjusvínin Jón og Sigurjón að reyna að sroksetja hann, draga úr honum pólitískar yfirlýsingar og gera í honum at, en minn maður varðist fimlega og var reyndar miklu fyndnari en þeir. Ekki komu mér á óvart langar yfirlýsingar Jóns hvað hann væri lítið við alþýðuskap og eitthvað lokuð týpa. Þetta var allt fróðlegt og yndislegt.

Svo kvóddu þeir Pétur og hann keyrði heim til sinnar huggulegu konu, en þá fóru þeir að atast í einhverjum útlendingi og jókst nú grallaragang-



urinn í Jóni en Sigurjón þagði mikið og var ég þakklátur fyrir það. Mikið fjör og mikið gaman.

Þá kom að þriðja liðnum sem var hin kostulega spunasaga um lífshlaup Pálma Gunnarssonar með aukapersonum á borð við Davíð Oddsson, karl föður minn og tilkomu þess að Pálmi fór að syngja í Pelíkan áður en hann stofnaði Hagkaup. Jón fór mikinn og hummin og jáin urðu æ spenntari í ævintýrlegum munni Sigurjóns. Áheyrandi henti milli draums og veru og trúði vart sínum eigin eyrum. Þetta var sem sagt sama gamla dellan og þeir höfðu ekkert breyst síðan forðum, áður en þeir urðu stjörnur og hættu að tala saman og allt það drama. Er það gleðiefni að þeim skuli úthlutað plássi einhvers staðar þar sem þeir geta fabúlerað sér og öðrum til gamans.

ÞRIÐJUDAGUR

► **17.30 Ally McBeal** STÖ2 EXTRA



► **18.40 Leeds - Liverpool**, beint STÖÐ 2 SPORT



► **20.30 The Big Bang Theory** STÖÐ 2



► **20.50 Áin - Ættbálkurinn á bakkanum** SJÓNVARPIÐ



► **21.00 Design Star** SKJÁR EINN

SJÓNVARPIÐ

15.35 Útvar (e)

16.35 Leiðarljós

17.20 Tákn málsfréttir

17.30 Matta föstra og ímynduðu vinnir hennar (61:65)

17.52 Herramenn (11:13)

18.10 Íslenski boltinn (e)

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Kastljós

20.05 Skólaklíkur (Greek) (19:22) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörukt félagslíf þeirra í háskóla.

► **20.50 Áin - Ættbálkurinn á bakkanum** Bubbi Morthens stíklar á stóru í sögu veiða í Laxá í Aðaldal, segir frá frægu fólki sem þar hefur veitt og fólkinu í Nesi sem staðið hefur vaktina á bakkanum lengi.

21.30 Þöglu börnin Fyrirverandi nemendur heyrnleysingjaskólans segja sögu sína en einnig er rætt við ungt fólk sem hefur aðra og betri sögu að segja um þau tækifæri heyrnlausum bjóðast nú.

22.00 Tíufréttir

22.15 Veðurfréttir

22.25 Illt blóð (Wire in the Blood VI: Í skugga morðingja) (2:4) Breskur spennu-myndaflokkur þar sem sálfræðingurinn dr. Tony Hill reynir að ráða í persónuleika glæpamanna og upplýsa dularfull sakamála. Aðalhlutverk: Robson Green.

23.55 Fréttaukinn (e)

00.25 Kastljós (e)

00.35 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Beethoven's 2nd

10.00 No Reservations

12.00 Johnny Dangerously

14.00 The Queen

16.00 Beethoven's 2nd

18.00 No Reservations Rómantísk gamanmynd með Catherine Zeta-Jones og Aaron Eckhart í aðalhlutverkum.

20.00 Apartment 12

22.00 Privat Moments

00.00 Superman Returns

02.30 Nailed

04.00 Breathtaking

06.00 Nacho Libre

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego, áfram!, Maularinn og Íkomastrákurinn.

08.15 Oprah

08.55 í finu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 The Doctors

10.20 In Treatment (12:43)

10.55 Hell's Kitchen

11.45 The Best Years (7:13)

12.35 Nágrannar

13.00 Great Balls of Fire

14.55 Sjáðu

15.30 Barnatími Stöðvar 2 Tutenstein, Ben 10, Maularinn og Áfram Diego, áfram!

17.03 Bold and the Beautiful

17.28 Nágrannar

17.53 Friends

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.11 Veður

19.20 The Simpsons (3:23) Bart hugsar um egg í hreiðri eftir að hafa óvart drep-ið móðurina.

19.45 Two and a Half Men (13:24) Gamanþáttaröð um Charlie sem nýtur mikillar kvenhylli og seinheppna bróður hans Alan.

20.10 Two and a Half Men (6:24)

► **20.30 The Big Bang Theory** (2:23) Gamanþáttur um gáfnaljósinn Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar en vita fátt um hvernig haga eigi samskiptum við annað fólk og þá allra síst við hitt kynið.

20.55 Chuck (3:22) Önnur serían af drep-fyndin og hröðum spennuþáttum um Chuck Bartowski.

21.40 Burn Notice (3:16) Njónsnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njónsara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda. Hann reynir því nú að komast að því hverjir „brenndu“ hann og afhverju.

22.25 The Sopranos (34:39)

23.20 Ástríður (5:12)

23.45 Medium (5:19)

00.30 John From Cincinnati (5:10)

01.20 Perfect Day - The Wedding

02.55 Great Balls of Fire

04.40 Chuck (3:22)

05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

17.45 World Supercross GP Að þessu fór mótið fram á Rice Eccles Field í Salt Lake City.

► **18.40 Leeds - Liverpool** Bein útsending frá leik Leeds og Liverpool í enska deildabikarnum. Þessi fornfrægu félög mætast á Elland Road í hörkuleik þar sem lítið verður gefið eftir.

20.40 Meistardeild Evrópu: Fréttabáttur Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

21.10 PGA Tour 2009: Barclays Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

22.05 World Series of Poker 2009 Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarnar heims.

23.00 Leeds - Liverpool Útsending frá leik í enska deildabikarnum.

SPORT 2

enski boltinn

15.10 Bolton - Stoke Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

16.50 Burnley - Sunderland Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

18.30 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrífín á einum stað.

19.00 Man. Utd. - Man. City Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

20.40 Chelsea - Tottenham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

22.20 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

23.15 Arsenal - Wigan Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

07.20 Lífsaugað (1:10) (e)

08.00 Dynasty (55:88) (e)

08.50 Pepsi MAX tónlist

12.00 Lífsaugað (1:10) (e)

12.40 Pepsi MAX tónlist

17.50 Dynasty (56:88)

18.40 Family Guy (16:18) (e)

19.05 Everybody Hates Chris Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvarstarárum sínum. (e)

19.30 Fyndnar fjölskyldumyndir Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot. (e)

20.00 Skjáreinn í 10 ár (1:4) Skemmtiþáttur í umsjón Dóru Takefusa þar sem stíkl- að er á stóru í 10 ára sögu SkjásEins.

► **21.00 Design Star** (9:9) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Það er komið að lokapættinum.

21.50 PA's (3:6) Glæný bresk þáttaröð um nokkra einkaritara í fjárfestingabanka sem sinnir þörfum frægra og forrakra viðskiptavina. Síð verður að ákveða hvort hún eigi að halda sig við áformin um að féfletta fyrirtækið eftir að henni er tilkynnt um að hún eigi von á stöðuhækkun. Stúlkurnar hafa áhyggjur af Grace sem er enn ófundin.

22.50 The Jay Leno Show Spjallþáttakóngurinn Jay Leno tekur á móti góðum gestum og slær á léttu strengi. Að þessu sinni mætir Michael Moore í skemmtilegt viðtal og þau Tom Cruise og Cameron Diaz hjálpa Leno með nýjan dagskrárlið í þættinum sem hann kallar "10 at 10".

23.40 CSI. New York (2:25) (e)

00.30 Pepsi MAX tónlist

INN

20.00 Hrafnaping Í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Umræður um pólitík líðandi stundar.

21.00 Græðlingur Í umsjón Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðings.

21.30 Mannamál Sjónvarpsmaðurinn og alþingismaðurinn Sigmundur Ernir Rúnarsson snýr aftur með þátt sinn Mannamál.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKÓLALÍFIÐ ER Á VISIR.IS

» Fréttavefur framhaldsskólanna



Skólalíf er fyrsti fréttavefur sinnar tegundar á Íslandi þar sem framhaldsskólanemar birta fréttir og myndir frá félagslífi skólanna, auglýsa viðburði og þú getur nálgast vefútgáfur skólablaðanna.

Við viljum bjóða þinn skóla velkominn á fréttavef framhaldsskólanna á visir.is.

VISIR.IS
...ég sá það á visir.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

Chuck

Önnur serían af drepfyndnum og hröðum spennuþáttum um Chuck Bartowski. Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem gaf honum upplýsingar um öll hættulegustu leyndarmál CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.



ÞVIÐ MÆLUM MED Skjár einn í 10 ár

Skjár einn kl. 20.00 Í kvöld og næstu þrjú þriðjudagskvöld mun Dóra Takefusa stikla á stóru í tíu ára sögu Skjás eins og rifja upp eftirminnileg atvik. Á þessum áratug hefur verið framleiddur fjöldinn allur af ógleymanlegum íslenskum þáttum fyrir Skjá einn, allt frá íslenskri kjötsúpu til Silfurs Egils. Dóra slær á léttu strengi með fólkinu sem kom Skjá einum á kortið og hefur fært íslenskum sjónvarpsáhorfendum ókeypis sjónvarpdag-skrá í tíu ár.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst	15.03 Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn
06.50 Bæn	15.25 Þriðjudagsdjass
07.05 Vött og breitt	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Hlaupanótan
08.00 Morgunfréttir	17.03 Viðsjá
08.11 Morgunstund með KK	18.00 Kvöldfréttir
08.30 Fréttayfirlit	18.16 Spegillinn
09.05 Okkar á milli	18.50 Dánarfregnir
09.45 Morgunleikfimi	19.00 Endurómur úr Evrópu
10.13 Óvissuferð - allir velkomnir	20.00 Leynifélagið
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.30 Í heyranda hljóði
12.00 Fréttayfirlit	21.30 Fólk og fræði
12.02 Hádegisútvarp	22.12 Orð kvöldsins
12.20 Hádegisfréttir	22.15 Fimm fjórðu
13.00 Flakk	23.00 Gatan mín
14.03 La Pellegrina	00.07 Næturtónar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útvarp Saga		

EXTRA

- 16.30 **Doctors** (17:25) Læknar og hjúkr-unarfólk á Riverside spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.
- 17.00 **Doctors** (18:25)
- 17.30 **Ally McBeal** (19:21) Eins og venjulega er nóg um að vera á lögfræðistof-unni hjá Ally McBeal og vinum hennar.
- 18.15 **Seinfeld** (5:24) Jerry, George, Ela-ine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
- 18.45 **Doctors** (17:25)
- 19.15 **Doctors** (18:25)
- 19.45 **Ally McBeal** (19:21)
- 20.30 **Seinfeld** (5:24)
- 21.00 **Fréttir Stöðvar 2**
- 21.20 **Ísland í dag**
- 21.45 **Love You to Death** (11:13) Frum-legir þættir úr smíðju John Waters um saka-mál sem tengjast hjónum og ástríðuglæpum.
- 22.10 **Big Love** (2:10) Bill Henrickson lifir svo sannarlega margföldu lífi. Hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn, auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem þarfnast mik-illar athygli.
- 23.10 **John From Cincinnati** (5:10) Fersk og áhugaverð þáttaröð frá HBO. Sögu-sviðið er Kalifornía, og snýst um þá sem helgað hafa líf sitt brimbrettum og hinum sérstæða lífsstíl sem þeim tengjast.
- 00.00 **Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða mynd-ir eru að koma út og hverjar aðalstjörnum-ar eru.
- 00.30 **Fréttir Stöðvar 2**
- 01.30 **Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

BBC entertainment

12.00 Rob Brydon's Annually Retentive 12.30 Saxondale 13.00 Only Fools and Horses 13.30 Absolutely Fabulous 14.00 The Weakest Link 14.45 Rob Brydon's Annually Retentive 15.15 Saxondale 15.45 Only Fools and Horses 16.15 Absolutely Fabulous 16.45 EastEnders 17.15 The Weakest Link 18.00 The Catherine Tate Show 18.30 Saxondale 19.00 Rob Brydon's Annually Retentive 19.30 Absolutely Fabulous 20.00 Spooks 20.50 Lead Balloon 21.20 Coupling 21.50 Rob Brydon's Annually Retentive 22.20 Absolutely Fabulous 22.50 EastEnders 23.20 The Weakest Link

DR 1

12.00 Landsbyhospitalet 12.50 Nyheder på tegn-sprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Hjerteflimmer Classic 14.30 Braceface 14.55 Den lyserøde panter 15.30 Lille Nord 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Ha' det godt 18.00 Hammerslag 18.30 By på Skrupp 19.00 TV Avisen 19.25 Kontant 19.50 SportNyt 20.00 Måske skyldig - kassen 21.30 VM Brydning 2009 22.00 OBS 22.05 Truslen fra dybet 22.45 Seinfeld 23.05 Seinfeld

NRK1

12.00 NRK nyheter 12.05 Naboer 12.30 Andre avenyen 13.00 NRK nyheter 13.10 Sjukehuset i Aidsensfield 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 På fisketur med Bård og Lars 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Frosken og venene 16.10 Molly Monster 16.15 Ei prinsessehistorie 16.25 Milly og Molly 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Ut i naturen 17.55 Den leiken den ville han sjå. Kystfiskeme 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Brennpunkt 20.20 Extra-trekning 20.30 Bokprogrammet 21.00 Kveldsnytt 21.15 Bombay Dreams 22.40 Spekter

SVT 1

12.40 Den glade skomakaren 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Ålskar dig för evigt? 15.25 Mitt i naturen 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kulturyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Den stora resan 19.00 Andra Avenyn 19.45 Allt en tjej vill ha 21.30 Kulturyheterna 21.45 Livvakerna 22.45 Jag och min familj 23.15 Studio 60 on the Sunset Strip 23.55 Det förlitna hälsar på 1809

20% afsláttur af undirfatnaði í dömudeild

Rómantískir dagar í next

Heppnir viðskiptavinir fá boðsmíða á rómantísku gamanmyndina **The Ugly Truth** með **Katherine Heigl** og **Gerard Butler** sem er sýnd í Smárabíói, Regnboganum, Laugarásbíói og Borgarbíói Akureyri.

Einnig fá heppnir viðskiptavinir **5.000 kr.** gjafakorti í next og síðast en ekki síst **handgert íslenskt gæðakonfekt** frá Hafliða Ragnarssyni

Konfekt og rómantísk bíóferð!

next

Fyrir þig og þá sem þér þykir vænst um!

Kringlunni · 551 3200

BESTI BITINN Í BÆNUM



„Mér finnst humarsúpan hjá Sægræfanum alltaf jafn góð og samlokurnar í Drekanum líka. Þessir bitar klicka aldrei og vertarnir eru einnig frábærir.“

Guðrún Vilmundardóttir, útgáfustjóri hjá Bjarti.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. eymsl, 6. gangflötur, 8. sæ, 9. blundur, 11. fisk, 12. ólög. innflutningur, 14. samfokinn fönn, 16. klafi, 17. útsæði, 18. fát, 20. til, 21. traðkaði.

LÓÐRÉTT
1. kvenflík, 3. hæð, 4. gutla, 5. tæki, 7. lævis, 10. kusk, 13. gifti, 15. kven köttur, 16. einatt, 19. eldsneyti.

LAUSN
LÁRÉTT: 1. pils, 3. sæ, 4. gjálfrá, 5. læk, 6. oft, 7. ljúmskur, 8. rýk, 9. gat, 10. töl, 11. smyg, 12. skafi, 13. ok, 14. sif, 15. lár, 16. bæg, 17. lár, 18. fúm, 19. að, 20. til, 21. tröð.

- VEISTU SVARID
- Svör við spurningum á síðu 8
1. Atli Guðnason.

2. Lars von Trier.

3. Sarkozy, forseti Frakklands.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.heljus.is

HAFBERG
fiskbúð sælkerans

NÝJAR GELLUR
KINNFISKUR
SALTFISKUR
LÍNUÝSA

LÚÐUSNEIÐAR
FISKRÉTTIR
PLOKKFISKUR

Hugsum um heilsuna og borðum fisk.

Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00

Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

Drekka Guinness saman á föstudögum

Eina skráða íslenska áhugamannafélagið um írsku drykkinn Guinness er tíu ára á þessu ári. Þessi hressi karlahópur hittist á hverju föstudagssíðdeggi á Kringlukuránni, þar saman bækur sínar og skellir að sjálfsögðu einum Guinness eða svo í sig.

„Þetta byrjaði á því að ég og nafni minn, Grettir Grettisson, fórum úr vinnu klukkan fimm, laumuðum okkur inn á pöbb og fengum okkur Guinness,“ segir leiðtogi félagsins, Grettir Sigurðsson, eða Grettir Sig eins og hann kallar sig. „Þegar fréttist af þessum fögnuði fór að bætast í hópin og allir vildu vera með. Þetta endaði með því að þetta var orðinn fastur félagsskapur.“

Stífar reglur eru í félaginu og enginn kemst upp með neitt múður. „Við erum með kladda eins og í skólanum í gamla daga. Það er kallað upp og menn þurfa að senda skilaboð til leið-

toga ef þeir komast ekki. Menn fá F ef þeir hafa ekki látið leiðtoga vita og ákveðið mörg F þýða umgangur á borðið.“

En hvers vegna Guinness? „Þetta er stórmerkur mjóður. Hann er fullur af vítamíni, humlum og bætiefnum,“ útskýrir Grettir. „Hann er mjög sérstakur fyrir það að loftbólurnar fara niður en ekki upp. Þetta er rannsóknarefni vísindamanna víða um heim. Þetta er þessi skemmtilega blanda af kolsýru og köfnunarefni.“ Þeir félagar fussa og sveia yfir venjulegum bjór og kalla hann einfaldlega sullið. „Ef í harðbakkann slær látum við okkur hafa það en Guinness er alltaf númer 1, 2 og 3.“

Guinness-fyrirtækið fagnar 250 ára afmæli sínu í september og af því tilefni verður hátíð haldin á English Pub næsta fimmtudag þar sem Grettir og félagar verða að sjálfsögðu meðal gesta.



GUINNESS ER MÁLIÐ Eina skráða áhugamannafélagið um Guinness hittist á hverjum föstudegi á Kringlukuránni. Félagsmenn klæðast Guinness-fatnaði hvern föstudag.

ATLI ÖRVARSSON: SEKKUR SÉR OFAN Í KÍNVERSKA POPPTÓNLIST

Íslenskt tónskáld semur fyrir endurgerð Karate Kid

Atli Örvarsson, íslenska kvikmyndatónskáldið í Hollywood, hefur verið ráðinn til að semja tónlistina við endurgerð Karate Kid með Jackie Chan og Jaden Smith í aðalhlutverkum. Jaden þessi er sonur Hollywood-stórleikarans Will Smith en myndinni hefur verið gefið nafnið The Kung Fu Kid.

Eins og margir ættu eflaust að muna voru það Ralph Macchio og Pat Morita sem léku í gömlu myndinni sem naut mikilla vinsælda á níunda áratug síðustu aldar. Atli kveðst hafa verið of gamall fyrir Karate-kid æðið á sínum tíma en viðurkennir að í dag hafi hann nokkuð gaman af myndinni, hún sé hálfgerð „cult“. „Ög myndin er víst hugsuð sem eldraun fyrir strákin og ekki seinna vænna, hann er orðinn ellefu ára,“ segir Atli og hlær. Reyndar er forvitnilegt að segja frá því að Bill Conti samdi tónlistina fyrir Karate Kid á sínum tíma, sá og hinn sami og stjórnað tónlistarflutninginum við Óskarinn á ári hverju.

Atli kveðst ekki vita hvernig hann ætli að undirbúa sig fyrir tónsmíðarnar fyrir myndina en hún gerist að mestu leyti í Kína. „Ætli maður fari ekki bara og leigi sér gömlu myndirnar með Bruce Lee. Annars er þetta náttúrulega mynd um krakka fyrir krakka og þegar maður hlustar á kínverska popptónlist í dag þá kemst maður að raun um að hún er ekkert sérstaklega kínversk heldur undir miklum áhrifum frá hinni vestrænu menningu.“

Atli hefur haft í nægu að snúast að undanfögnu. Hann er að leggja lokahöndina á tónlistina við kvikmyndina Season of the Witch sem

Í GÓÐUM HÓPI

Jackie Chan og Jaden Smith leika aðalhlutverkin í The Kung Fu Kid sem er endurgerð kvikmyndarinnar Karate Kid sem Ralph Macchio og Pat Morita léku í. **Atli Örvarsson** hefur verið fenginn til að semja tónlistina við myndina en hann kveðst ekki enn vita hvernig hún verður, kínversk áhrif muni þó eflaust svífa yfir vötnum.



skartar Nicolas Cage í aðalhlutverki en hún gerist á miðöldum. Þar kemur systir Atla, Þórhildur, töluvert við sögu en hún hefur, í gegnum tónlist bróður síns, vakið eftirtekt hjá kvikmyndaframleiðendum fyrir söng sinn. Þá samdi Atli tónlist við nýjan netleik Sony og er að fara aðstoða Hans Zimm-



er við að klára tónlistina fyrir nýjustu Sherlock Holmes-myndina. Þar eru þeir Robert Downey Jr. og Jude Law í aðalhlutverkum en Guy Ritchie leikstýrir. „Þetta gengur mjög vel núna og maður er auðvitað bara sáttur á meðan svo er.“

freyrigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Talsverð spenna virðist vera að myndast fyrir Wipeout-þáttum Stöðvar 2 sem teknir verða upp í Argentínu á næstu vikum. Fréttablaðið hefur greint frá þekktum andlitum sem verða meðal

þátttakenda, til að mynda þeim Auða og Sveppa, Gillzenegger, Ingó úr Veðurguðunum. Alexöndru Helgu Ívarsdóttur fegurðardrottningu og Ívari Guðmundssyni fitness-kappa. Fjölirnir Þorgeirsson bættist nýlega í hópin og nú hefur frétt af óvæntum liðsaka. Frágingið mun vera að markamaskínan fyrrverandi og núverandi íþróttafréttamaðurinn **Hörður Magnússon** keppi í þrautakónginum og verður forvitnilegt að sjá hvernig honum reiðir af.

Á meðan niðurskurðar-hnífurinn hefur verið á lofti á flestum fjölmiðlum landsins virðist fréttastofa Ríkisútvarpsins smám saman þenjast út. Á dögum var gengið frá ráðningu á þremur nýjum starfsmönnum. Guðjón Helgason var keyptur yfir frá Stöð 2 og gengið var frá fastráðningum þeirra Þorkels Sigurbjörnssonar og Íþróttafréttamanns og fyrrverandi Kompas-liðans **Kristins Hrafnssonar**.

Meira úr Efstaleiti. Skiptar skoðanir virðast vera um ágæti nýs morgunþáttar Rásar 2 í umsjón þeirra Freys Eyjólfssonar og Láru Ómarsdóttur. Spurningakeppni þáttarins hefur þó vakið mikla eftirtekt og eftirsótt virðist vera að fá að taka þátt. **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** átti til að mynda að vera í útlöndum einn daginn þegar keppnin fór fram en hann grátbað stjórnendurna um að fá að halda áfram. Var því óhefðbundnum leiðum beitt til þess að formaður Framsóknarflokksins gæti áfram hangið inni.



- hdm

Nú vilja allir þýða Andkrist

„Ég er búinn að fá alveg heilan helling af sms-skilaboðum frá þýðendum með sterkar taugar sem vilja texta fyrir okkur Antichrist,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson hjá Græna ljósinu. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær leitaði Græna ljósið til nokkurra þýðenda og óskaði eftir því að þeir textuðu myndina fyrir sýningar í kvikmyndahúsi. Enginn þeirra treysti sér til þess enda þykir myndin nokkuð óhugnanleg, svo vægt sé til orða tekið.

Eftir að fréttin birtist voru hins vegar margir þýðendur sem lýstu því yfir að þeir vildu ólmir fá tækifæri til að þýða og texta Antichrist. „Því miður held ég að við séum fallnir á tíma með þetta fyrir bíó. En við fáum einhvern góðan til að gera þetta fyrir DVD-útgáfuna. Ég slepp þá að minnsta kosti við það,“ segir Ísleifur.

Ein þeirra sem lýstu yfir áhuga sínum á að texta myndina og þýða

er Auður Haralds rithöfundur. Í samtali við Fréttablaðið sagði hún ekki hafa minnsta áhuga á kvikmyndum Lars von Trier, hann væri hundleiðinlegur. „Það er til orðtak, dogmahausverkur, en það er notað yfir þá sem fá hausverk af því að horfa á dogma eftir Trier,“ segir Auður sem kveidi því ekki að þýða þessa mynd þrátt fyrir orðróm um óhugnað.

-fgg



ÁHUGASAMIR Íslenskir þýðendur reyndust, þegar upp var staðið, áhugasamir um Antichrist og fjölmargir höfðu samband við Ísleif B. Þórhallsson. Einn þeirra var Auður Haralds rithöfundur.

VILDARVERÐ

TOPP MERKI Á FRÁBÆRU STÖÐVAR 2 TILBOÐI



Panasonic

Panasonic TXP42S10

42" Full HD 1080p Plasma BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Vreal Pro3, 400Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, Viera Link, x.v Colour, 30.000:1 skerpu, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr: háskerpu DVB-T móttakara, SD/SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart, 3 HDMI, Comp., SVHS, CVBS og PC tengi, CI rauf ofl.

TILBOÐ **219.990**

FULLT VERÐ kr. 319.990

SÉRTILBOÐ FYRIR
FÉLAGA Í VILD



UNITED

United TVD8822

22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, 1680x1050 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, Scart, HDMI, RCA, S-Video og VGA tengjum. Tekur 12v og 220v straum.

TILBOÐ **59.990**

FULLT VERÐ kr. 79.990

INNBYGGÐUR
DVD SPILARI

SÉRTILBOÐ FYRIR
FÉLAGA Í VILD



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosshaf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.



Tískan og Thatcher

Ég heyri oft fólk á besta aldri, sem telur sig svolítið viturt og lífsreynt, segja söguna af því þegar það var ungt og vinstrisinnad. Yfirleitt hljómar þetta einhvern veginn svona: „Einu sinni var ég mikill vinstrisinni, já maður minn, svei mér ef maður daðraði ekki bara við kommúnisma!“ og það hlær góðlátlega yfir kjánaskap fortíðarinnar, hristir hausinn og segir svo söguna af því að svo hafi það fullorðnast og kosið Sjálfstæðisflokkinn síðan. Líkt og það sé eðlilegur hluti þroska þess. Um leið og þetta fólk trúir að allar stjórnmálaskoðanir sem það trúði einlæglega á séu eins vitlausar og hugsast getur, trúir það að tónlistin sem það hlustaði á á sama tíma sé sú besta sem samin hefur verið

MÉR hefur alltaf þótt þessi ályktun þroskaða hægri fólksins sem sagði skilið við vinstri villuna og ungæðisháttinn ögn spaugileg og fátt eiga skilið við meðvitaða ákvörðun. Miklu frekar finnst mér þessi saga af unga vinstrimanninum sem snýst til hægrimennsku á fullorðinsárum bera vott um áhrifagirni.

ÞETTA fólk var ungt og í mótmæla-hug þegar enn eimdi eftir af hugsjónum svokallaðrar 68-kynslóðar; þegar öflugu heilbrigðis-, mennta-, og almannatryggingakerfi var komið á laggirnar, kvenfrelsi jókst og það dró úr kynþáttamisrétti. Jafnaðarmennska var móðins og flest allt ungt fólk aðhylltist þá tísku. Svo varð þetta sama fólk fullorðið og Ronald Reagan og Thatcher urðu helstu hetjur samtímans. Vinstrimennskan hætti að vera í tísku rétt eins og útvíðu gallabuxurnar. Í skólum voru það ekki ungir menn, sem höfðu andstyggð á stríðinu í Víetnam, sem helst höfðu sig í frammi heldur ungir menn sem töluðu um mikilvægi frelsis í viðskiptum. Þessi umskipti tengjast tiskunni miklu frekar en því að vera hluti af eðlilegu þroskaferli mannsins eins og svo margir miðaldra halda fram.

ÞETTA er í sjálfu sér ekkert undarleg hegðun, fólk vill venjulega fylgja ríkjandi tiskustraumum og alla ævi skiptum við ómeðvitað um skoðun. Eða alveg þar til við verðum of gömul til að játa að það komi fyrir að við höfum rangt fyrir okkur eða að ekki sé til neinn einn sannleikur þegar kemur að stjórnmálum. Sú ríkisstjórn sem nú er við völd er langt frá því gallalaus en á meðan Sjálfstæðisflokkurinn hefur engin mistök játað eða beðist afsökunar á nokkrum hlut sem hér fór úrskeiðis hljómar gagnrýni þeirra álíka taktlaust og manns sem óskrar Scooter á tónleikum með Jet-hro Tull.

GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 22. september 2009, 265. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	7.11	13.22	19.29
Akureyri	6.55	13.06	19.13

Heimild: Almanak Háskólans

35% 72%

Hvar er þín auglýsing?

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í maí 2009 – júlí 2009.



SVEFNSÓFAR

ÁTTU VON Á GESTUM?

Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins. Allt frá einföldustu og ódýrustu svefnsófum upp í hágæða svefnsófa sem veita þér og þínum endurnærandi svefn.

T160
Svefnsófi

CLOVE
Svefnsófi

COMODO
Svefnsófi

OZI
Gestarúm

COUPLE
Svefnsófi

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

1 2 3

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf. • Suðurlandsbraut 48 (Bláa húsin í Faxafeni) • 108 Reykjavík • 588 1955 • www.rekkjan.is • Ópið virka d. 10–18 og lau 11–16